

skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
69
COCA COLA, 33 CL
www.europris.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
26. janúar 2011
21. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000



RÁÐHERRAR Í VÖRN Spjótin stóðu á Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra þegar Alþingi ræddi ógildingu Hæstaréttar á stjórnlagaþingskosningunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kosning stjórnlagaþings ógild

Verulegir ágallar voru á framkvæmd stjórnlagaþingskosninganna að mati Hæstaréttar. Forsætisráðherra segir að stjórnlagaþingið verði engu að síður haldið. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins kallar eftir afsögn forsætisráðherra. Landskjörstjórn vill ekkert segja.

STJÓRNLAGAÞING Ríkisstjórnin heldur fast í áform sín um að halda stjórnlagaþing þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að kosningin til þess í nóvember síðastliðnum hafi verið ógild.

Hæstiréttur kemst að því að sex annmarkar, misalvarlegir, hafi verið á framkvæmd kosninganna. Þeir alvarlegustu snúa að því að mögulegt hafi verið að rekja kjörseðla til kjósenda og að frambjóðendur hafi ekki haft fulltrúa við talningu atkvæða.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kom niðurstaða Hæstaréttar stjórnarliðum í opna skjöldu. Þeir töldu að rétturinn kynni að gera athugasemdir við framkvæmd kosninganna en ógilding var talin óhugsandi.

„Við getum ekki gefið þjóðinni langt nef með því að hætta við að hafa stjórnlagaþing," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í þingumræðum í gær.

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að Jóhanna Sigurðardóttir hefði farið fyrir málinu og ætti því að segja af sér embætti.

Viðmælendur Fréttablaðsins í herbúðum stjórnarflokkanna sögðu í gærkvöldi að staðið yrði við ákvörðunina um að halda stjórnlagaþing. Fjórir flokkar á Alþingi hafi staðið að ákvörðuninni á sínum tíma og frá henni verði ekki horfið. Verkefnið fram undan sé að leita leiða til að koma þinginu á koppinn. Fyrsti kosturinn sé að meta hvort og með hvaða hætti Alþingi geti beitt sér. Horft verði til þess hvort mögulegt sé að þingið kjósi þá fulltrúa sem hlutu sæti í stjórnlagaþingskosningunum til setu á þinginu. Þeir starfi þá í umboði Alþingis en með þeim lýðræðislega vilja sem fram kom í kosningunum. Annar kostur sé að breyta stjórnlagaþinginu í stjórnlaga- eða stjórnarskrárnefnd og skipa eða kjósa þá er hlutu kjör í kosningunum í nóvember til nefndarstarfa. Báðir kostirnir eru taldir færir í því ljósi að stjórnlagaþingið var lögum samkvæmt aðeins ráðgefandi.

> Við getum ekki gefið þjóðinni langt nef með því að hætta við að hafa stjórnlagaþing.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** FORSÆTISRÁÐHERRA


Finnist ekki aðrar færar leiðir verði efnt til nýrra stjórnlagaþingskosninga þar sem vankantar sem Hæstiréttur fann verða sniðnir af framkvæmd kosninganna.

Samkvæmt heimildum blaðsins átti hluti landskjörstjórnar óformlegan fund um málið í gær og ákvað að hittast aftur síðar, líklega í vikunni. Fréttablaðið náði tali af fjórum af fimm fulltrúum í stjórninni en enginn vildi tjá sig um málið að svo stöddu. Spurður hvort ekki væri eðlilegt að landskjörstjórn tjáði sig um þau atriði sem hana snertir í ákvörðuninni sagði formaðurinn Ástráður Haraldsson það vera umhugsunarefni.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor setur spurningarmerki við ákvörðun Hæstaréttar. „Þrátt fyrir ágalla tel ég ekki efni til að ógilda kosninguna. Ég byggi það á því að í lögum um kosningar til Alþingis er meginreglan sú að kosningar skulu ekki ógildar þrátt fyrir að ágallar hafi verið á þeim nema ætla megi að ágallar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna," segir Eiríkur.

Sigurður Líndal lagaprófessor segir framhaldið óvíst. Ef Alþingi ákveði að kjósa þá 25 sem efstir urðu í kosningunum í stjórnarskrárnefnd sé verið að sniðganga lögin og fara í kringum þau.

-bþs, sh, jab, þg, sv, þj / sjá síður 4,6 & 8





Sannur heiður

Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarmaður hlýtur evrópsk textílverðlaun.

tímamót 18



Þriðja tapið í röð

Ísland tapaði fyrir Frakklandi í gær en spilar samt um 5. sætið á HM.

sport 24 & 26



Bretar kætast

Colin Firth og The King's Speech leiða Óskarskapphlaupið.

bíó 22



OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office 1

SPURNING DAGSINS



Rafn, var þetta í síðasta skipti sem þú leyfir pabba gamla að vinna?

„Já. Í næsta móti verða slagsmál og alls engin miskunn.“

Rafn Kumar Bonifacius tapaði í úrslitaleik gegn Ray Bonifacius í stórmóti Tennissambands Íslands um liðna helgi. Rafn, sem er sextán ára, er sonur Rays.

Hannes Smárason vill bætur vegna kyrrsetningar í tengslum við rannsókn á FL:

Hannes krefur ríkið um bætur

DÓMSMÁL Hannes Smárason hefur höfðað mál á hendur ríkissjóði vegna kyrrsetningar á eignum hans og fjármunum. Dómstólar felldu kyrrsetninguna úr gildi og krefst Hannes bóta á grundvelli þess.

Það var tollstjóri sem kyrrsetti eignir Hannesar að beiðni skattrannsóknastjóra vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum í rekstri FL Group. Farið var fram á kyrrsetningu á eignum að andvirði 150 milljóna, en einu eignirnar sem fundust voru tveir bílar, Lincoln Navigator og Range Rover, hvor metinn á fjórar milljónir, og bankainnistæður fyrir sjö og hálfa milljón. Það var allt kyrrsett.

Jafnframt voru eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Skarphéðins Berg Steinarssonar og Jóns Sigurðssonar kyrrsettar.

Kyrrsetningunni var síðan hnekkt bæði í héraðsdómi og Hæstarétti vegna þess að í lögum var ekki kveðið á um að kyrrsetja mætti eignir vegna gruns um brot á lögum um virðisaukaskatt – heldur einungis tekjuskatt.



HANNES SMÁRASON

Í lögum um kyrrsetningu er kveðið á um að við þær aðstæður skuli sá miski og það fjártjón sem kyrrsetningin olli bætt. Sé ekki hægt að sanna fjártjón geti dómari ákveðið skaðabætur að álitum. Skarphéðinn Berg hefur þegar höfðað mál af þessu tagi. **- sh**

Breytingar á vélsleðamarkaði:

Bið eftir nýjum vélsleðum

VIÐSKIPTI Sala á nýjum vélsleðum hefur ekki verið jafn mikil á Íslandi síðustu ár segja söluaðilar. Menn veigra sér ekki við að greiða háar fjárhæðir fyrir og eru dæmi um að sérbreyttir vélsleðar seljist á allt að fimm milljónir króna. Biðlistar eru eftir nýjum sleðum.

„Menn gera kröfur um að tækin uppfylli allar þeirra helstu þarfir. Þetta er að verða ein stór og skemmtileg pissukeppni,“ segir Alexander Kárason, hjá Sleðaskólanum. **- rve / sjá Allt í miðju blaðsins**



HNITBJÖRG Forráðamenn Listasafns Einars Jónssonar vilja byggja við safnið.

Listasafn fær ekki stækkun:

Vilja rök frá borgarskipulagi

SKIPULAGSMÁL Forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Júlíana Gottskálksdóttir, vill rökstuðning frá lögfræðingi skipulagssviðs Reykjavíkurborgar fyrir að safnið fái ekki að grenndarkynna fyrirhugaða stækkun safnsins á Skólavörðuholti. Ætlunin er meðal annars sú að reisa nýja viðbyggingu austan við safnið.

Að því er kemur fram í bréfi Júlíönu til skipulagsstjóra mun því borið við að lagaumhverfið sé flókið og að staða húseigenda sem hyggi á breytingar á húsum sínum sé óljós. Í vændum sé hverfisskipulag í stað deiliskipulags og gæti sú breyting tekið um tvö ár. Forstöðumaðurinn segir að bráðabirgðaskáli frá 1983 sé orðinn alls ófullnægjandi. **- gar**

Nýstárleg rannsókn:

Ætlar á 101 stefnumót

FÓLK Meðal markmiða Helgu Marínar Bergsteinsdóttur, heilsu- og íþróttafræðings, er að fara á 101 stefnumót á einu ári með jafn mörgum mönnum með mismunandi bakgrunn og skrifa bók um reynsluna. Hún býr í Dubai og hefur þegar farið á 30 stefnumót síðan í október 2010.

„Í byrjun fannst mér allir karlmenn í Dubai hugsa bara um eitt en þegar ég sjálf fór að leita að því besta í hverjum manni gerbreyttist viðmót þeirra. Nú hef ég gert stefnumót við þá að ævintýraleiðangri,“ segir hún.

- gun / sjá Allt

Eignarnám HS Orku er ekki á dagskránni

Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra eiga samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að semja við HS Orku um styttingu leigutíma nýtingarréttar fyrirtækisins. Stjórnarformaður HS Orku segir orðspor Íslands meðal fjárfesta fara versnandi.

ORKUMÁL Eignarnám ríkisins á HS Orku er ekki á dagskrá, samkvæmt áfangaskýrslu starfshóps um lagaramma orkuvinnslu sem iðnaðarráðherra kynnti ríkisstjórn í gær.

Ríkisstjórnin hefur falið iðnaðarráðherra, í samstarfi við fjármálaráðherra, að taka upp viðræður við HS Orku, eigendur félagsins og hlutaðeigandi sveitarfélög um styttingu leigutíma nýtingarréttar fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að tryggja ríkinu ótímabundinn forkaupsrétt á hlutum Magma Energy Sweden í HS Orku. „Jafnframt er lögð áhersla á að samið verði um kaup opinberra aðila og innlendra aðila eins og lífeyrissjóða á hlutum í HS Orku,“ segir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar. Þar kemur einnig fram að ákveðið hafi verið að ganga til samninga við Reykjanesbæ um kaup á jarðauðlindum.

Samtök atvinnulífsins hafa á vef sínum eftir Ásgeiri Margeirssyni, stjórnarformanni HS Orku, að orðspor Íslands meðal erlendra fjárfesta fari versnandi vegna pólitískrar óvissu og umræðu um þjóðnýtingu. Nú sé svo komið að menn velti fyrir sér kaupum á tryggingum fyrir pólitískum upphlaupum líkt og tíðkist í ríkjum þar sem stjórnarfar sé óstöðugt og leikreglur í viðskiptum óskýrar.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra áréttar að Ísland sé vestrænt réttarríki með stjórnarskrárvarin réttindi. „Gegn þeim verður aldrei gengið nema löggjafinn hafi skilgreint skýra almannahagsmuni sem heimila svo alvarlega aðgerð,“ segir hún og bendir á að umræða sem hér hafi orðið um eignarnám stafi af því að í skýrslu nefndar um orku- og auðlindamál sé setning sérstakra laga um eignarnám HS Orku nefnd sem önnur þeirra leiða sem til greina gætu komið. Þar sé hins vegar ekki mælt með henni, heldur leiðin reifuð lögfræðilega sem kostur.



HS ORKA Starfshópur um lagaramma orkuvinnslu lagði meðal annars til við iðnaðarráðherra að stefnt yrði að því að stytta leigutíma á nýtingarrétti auðlinda þannig að hann yrði í anda yfirlýstra markmiða stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leigutími styttur

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar kemur fram að iðnaðarráðherra leggi á vorþingi fram frumvarp til laga þar sem hámarksleigutími á nýtingarrétti vatns- og orkuauðlinda verði styttur úr þeim 65 árum sem skilgreind voru með lögum nr. 58/2008. „Samhliða þessu mun undirbúningur hefjast að mótun heildstæðrar auðlindastefnu,“ segir þar.

Katrín segir niðurstöðu starfshópsins sem nú hafi skilað áliti alveg afdráttarlausa hvað það varði, að við óbreytt fyrirkomulag orkumála verði ekki farið í eignarnám. Hún segir að í heitum umræðum um yfirráðarétt þjóðarinnar á auðlindum sínum hafi verið gengið á stjórnmálamenn og þeir spurðir hvort þeir útilokuðu eignarnám. Hún segir hins vegar engan geta útilokað það, væri um þjóðarhagsmuni að tefla. „Við slíkar aðstæður hlytu almannahagsmunir að lokum að ráða. En þetta hefur verið blásið upp að ósekju að mínu mati. Nú liggur fyrir að eignarnám er ekki á dagskránni heldur erum við að fara í samninga sem munu tryggja aðkomu hins opinbera að fyrirtækinu og vonandi sátt um auðlindanýtinguna,“ segir hún. **olikr@frettabladid.is**

Danska stjórnin sparar:

Boðar afnám eftirlaunanna

DANMÖRK Danska stjórnin ætlar að afnema svokölluð eftirlaun, sem Danir hafa átt kost á að taka allt að fimm árum áður en þeir fara á ellilífeyri.

„Við getum ekki tekið velferðina að láni,“ sagði Lars Løkke Pedersen, forsætisráðherra Danmerkur, þegar hann fylgdi úr hlaði frumvarpi um afnám eftirlaunanna. „Við höfum ekki efni á að borga heilbrigðu fólki fyrir að vinna ekki.“

Á þingi sagði hann það grafa undan trúverðugleika dansks efnahagslífs takist stjórnin ekki á við þau vandamál sem við blasa. Hann hafði áður boðað þessa sparnaðaraðgerð í nýársávarpi sínu. **- gb**

Spurt í bæjarráði Kópavogs:

Hvað kostuðu ferðir Gunnars?

SVEITARSTJÓRNIR Guðný Dóra Gestsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í bæjarráði Kópavogs, hefur sett þar fram fyrirspurn um kostnað sem bærinn bar vegna utanlandsferða Gunnars I. Birgissonar, fyrrverandi bæjarstjóra og formanns bæjarráðs. Fyrirspurnin nær til áranna 2004 til 2009 og varðar ferðir hans til Spánar, Rússlands, Kína, Kanada, Ekvador og Írlands. „Einnig væri fróðlegt að fá upplýsingar um boðsferðir á vegum fyrirtækja sem Gunnar þáði í tíð sinni sem bæjarstjóri og formaður bæjarráðs,“ segir í fyrirspurn Guðnýjar sem Rannveig Ásgeirsdóttir frá Y-lista Kópavogsbúa kvaðst taka undir. **- gar**



GUÐNÝ DÓRA GESTSDÓTTIR



Starfshópur um lagaramma orkuvinnslu hefur skilað ráðherra áfangaskýrslu:

Fordæmi er fyrir öðrum leiðum

ORKUMÁL Móta þarf heildstæða auðlindastefnu í landinu sem byggir á sjálfbærni og ljúka við mótun heildstæðrar orkustefnu. Þetta er meðal niðurstaðna áfangaskýrslu starfshóps um lagaramma orkuvinnslu sem iðnaðarráðherra kynnti ríkisstjórn í gær.

Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá fimm ráðherrum og þingflokkum stjórnarflokkanna. Hann skilar endanlegri skýrslu til ráðherra í lok þessa mánaðar, að fengnum viðbrögðum þeirra sem að hópnum standa við áfangaskýrslunni.

Arnar Guðmundsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra og formaður starfshópsins, segir að í vinnu hópsins hafi þegar orðið ljóst að vegna þess hvernig raforkumarkaðurinn væri hér uppbyggður væri erfitt að ætla sér að gera breytingar á einhverjum einangruðum þætti hans. Taka þyrfti heildstætt á álitamálum sem upp kæmu. Meginverkefni hópsins var að gera tillögur að því hvernig vinda mætti ofan af einkavæðingu HS Orku.

Starfshópurinn leggur til að flýtt verði endurskoðun ákvæða laga um að hámarkslengd leyfilegs leigutíma á nýtingarrétti auðlinda sé 65 ár, en telur ekki vænlegan kost að þvinga fram breytingu á eignarhaldi HS Orku.

„Eignarnám yrði aldrei nema niðurstaða af mjög löngu ferli þar sem búið væri að gera grundvallar skipulags- og lagabreytingar á orkumarkaði og menn vissu hvert markmiðið væri með þeim og sátt um þær leiðir,“ segir Arnar.

Í áfangaskýrslu starfshópsins er jafnframt bent á að fordæmi séu fyrir öðrum leiðum sem feli í sér að eignir gangi aftur til ríkisins á löngum tíma þannig að gangi hvorki gegn eignar- né viðskiptahagsmunum. Vísað er til löggjafar Norðmanna um svokallað „hjemfall“ eða langtímainnköllun virkjanaréttinda einkaaðila og tilheyrandi orkumannvirkja. **- óká**



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



ARNAR GUÐMUNDSSON

CHEVROLET

„Já...sæll!“

Chevrolet á enn betra verði!

Vegna nýrra laga um vörugjöld sem tóku gildi um áramótin eru umhverfisvænir bílar á betra verði. **Allir bílar frá Chevrolet hafa lækkað í verði.**



Chevrolet Aveo, 5 dyra

LS, 1400 cc. - beinskiptur **Kr. 2.295 þús.**
LS, 1400 cc. - sjálfskiptur Kr. 2.495 þús.

Chevrolet Captiva

LT, Tau 2000 cc. Dísel, 5 sæta - sjálfskiptur **Kr. 5.540 þús.**
LT, Leður 2000 cc. Dísel, 7 sæta - sjálfskiptur Kr. 5.990 þús.



Bílar á mynd: AVEO LS með álfelgum og þokuljósum, Captiva LT , Spark LT með álfelgum, Cruze LT með 18“ álfelgum.



Chevrolet Spark, 5 dyra - 5 sæta

L 1000 cc. - beinskiptur **Kr. 1.695 þús.**
LS 1200 cc. - beinskiptur Kr. 1.895 þús.

Chevrolet Cruze, 4 dyra

Cruze LS 1800 cc. - beinskiptur **Kr. 2.990 þús.**
Cruze LS 1800 cc. - sjálfskiptur Kr. 3.390 þús.
Cruze LT 2000 cc. Dísel - beinskiptur Kr. 3.590 þús.



Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

ÁKVÖRÐUN HÆSTARÉTTAR: Stjórnlagaþingskosningar ógildar

Sex ágallar á kosningunni

Hæstiréttur féllst á flest rök þriggja manna sem kærðu kosningarnar til stjórnlagaþings og úrskurðaði þær ógildar. Alvarlegustu ágallarnir lúta að rekjanleika kjörseðla og skorti á eftirlitsmönnum á talningarstað.

Kosningarnar sem fram fóru til stjórnlagaþings 27. nóvember síðastliðinn eru ógildar samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar frá því í gær.

Þrír kærðu kosninguna til Hæstaréttar, tveir kjósendur og einn frambjóðandi. Töldu þeir nokkur atriði í framkvæmd hennar brjóta í bága við lög.

Í kjölfarið kallaði Hæstiréttur eftir sjónarmiðum allra aðila að málinu, kærenda, landskjörstjórnar, innanríkisráðuneytisins og þeirra sem náðu kjöri á þingið, málflutningur fór fram fyrir dómnum og farið var í vettvangsgöngu í Laugardalshöll þar sem talningin fór fram.

Niðurstaðan er sú að Hæstiréttur fellst á flest rök kærenda. Ógildingin byggir á sex atriðum sem dómurinn flokkar í annmarka og verulega annmarka. Þeir verulegu lúta að rekjanleika atkvæðaseðla til kjósenda og því að frambjóðendur hafi ekki haft fulltrúa til að gæta réttar síns á talningarstað.



KOSNINGIN Meðal annmarka á framkvæmd kosningarinnar voru pappaspjöld sem aðgreindu kjósendur. Hæstiréttur telur þau ekki geta talist kjörklefar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórnlagaþingskosningin var frábrugðin hefðbundnum kosningum á Íslandi að mörgu leyti. Um var að ræða persónukjör með 522 frambjóðendum, auðkennisnúmer frambjóðenda voru rituð á kjörseðla en ekki nöfn, velja mátti fjölda frambjóðenda og talið var rafrænt. Þetta rekur Hæstiréttur í niðurstöðu sinni.

„Það fellur í hlut löggjafans að setja skýrar og ótvíræðar reglur um framkvæmd opinberra kosninga þar sem tekið er réttmætt tillit til aðstæðna sem leiða af sérstöku eðli þeirra. Það var á hinn bóginn ekki á færi stjórnvalda að víkja frá skýrum fyrirmælum laga um framkvæmd þeirra vegna fjölda frambjóðenda eða nýs verklags sem hentugt þótti vegna rafrænnar talningar atkvæða."

Ákvörðunina tóku Hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Árni Kolbeinsson, Gunnlaugur Claessen, Jón Steinar Gunnlaugsson, Páll Hreinsson og Viðar Már Matthíasson. **stigur@frettabladid.is**

Tveir verulegir annmarkar og fjórir minni

Rekjanleg atkvæði

Kjörseðlar voru númeraðir, þeim dreift til kjördeilda í samfelldri númeraröð og eftir að kosningu lauk var unnt að rekja úr hvaða kjördeild þeir komu. Þá voru kjósendum afhentir seðlarnir í númeraröð. Hæstiréttur segir auk þess að alkunna sé að sú aðferð sé oft viðhöfð á kjörstað að stemma af fjölda kjósenda með því að skrá niður nöfn þeirra í þeirri röð sem þeir koma. Þetta tvennt gerði það að verkum að það var „í reynd afar auðvelt að færa upplýsingar samhliða nöfnum kjósenda þannig að rekja mætti til númera seðla sem þeir höfðu fengið," að því er segir í ákvörðuninni. Þetta brjóti í bága við ákvæði um kosningaleynd.

Niðurstaða: *Verulegur annmarki á kosningunni.*

Óviðunandi kjörklefar

Sextíu sentímetra há pappaspjöld sem aðgreindu kjósendur uppfylltu það ekki að geta talist kjörklefar í skilningi laga og vörnuðu því ekki með fullnægjandi hætti að menn gætu séð á kjörseðla annarra.

Niðurstaða: *Annmarki á kosningunni.*

Bannað að brjóta saman

Í almennum kosningalögum, sem vísað er til í lögum um stjórnlagaþing, er kveðið á um að kjósandi skuli brjóta kjörseðilinn saman til að tryggja leynd um atkvæðið. „Ekki er í [lögum um stjórnlagaþing] vikið berum orðum frá þessari reglu svo einfalt sem það hefði verið ef vilji hefði staðið til þess við setningu laganna," segir í ákvörðun Hæstaréttar.

Niðurstaða: *Annmarki á kosningunni.*

Tveir dómaranna, Garðar Gíslason og Viðar Már Matthíasson, lýstu sig ósammála þessari niðurstöðu. Í kosningalögum sé kveðið á um að kjósandi skuli brjóta kjörseðil „í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum". Í lögum um stjórnlagaþing sé hins vegar sérákvæði um prentun kjörseðla og þar sé ekki gert ráð fyrir að nokkurt brot skuli vera á seðlinum.

Ólæstir kjörkassar

Kjörkassarnir uppfylltu ekki skilyrði laga um að hægt væri að læsa þeim. „Þá voru kjörkassarnir þeirrar gerðar að unnt var án mikillar fyrirhafnar að taka þá í sundur og komast í kjörseðla." Þetta þykir Hæstarétti til þess fallið að draga úr öryggi og leynd kosninganna.

Niðurstaða: *Annmarki á kosningunni.*

Talning ekki opin

Landskjörstjórn bar lögum samkvæmt að leyfa aðgang að talningarstað eftir því sem húsrúm leyfði og svo fremi sem reglu væri haldið uppi. Hún ákvað hins vegar að gera það ekki.

Niðurstaða: *Annmarki á kosningunni*

Engir umboðsmenn frambjóðenda

Lögum samkvæmt mega framboð að jafnaði hafa tvo umboðsmenn viðstadda talningu, til dæmis í þingkosningum. Það lagaákvæði gilti ekki um þessa kosningu. Hins vegar telur Hæstiréttur að í þeirri stöðu hefði landskjörstjórn átt að líta til annars ákvæðis í kosningalögum sem kveður á um að séu umboðsmenn ekki viðstaddir skuli kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmálasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans. „Á grundvelli þessa ákvæðis bar landskjörstjórn, að breyttu breytanda, að kveðja valinkunna menn til að gæta réttar frambjóðenda við talningu atkvæða eftir því sem framkvæmanlegt var með hliðsjón af rafrænni talningu og öðrum atriðum."

Þetta telur Hæstiréttur sérstaklega mikilvægt atriði í ljósi þess að vafi var um hvernig skilja bæri skrift kjósenda á 13 til 15 prósentum kjörseðla. „Það haggar í engu þessari niðurstöðu þótt fulltrúi innanríkisráðuneytisins, dr. James Gilmour, hafi fylgst sérstaklega með talningunni," segir Hæstiréttur.

Niðurstaða: *Verulegur annmarki á kosningunni.*

GRUNDVALLARATRIÐI AÐ LÖGUM SÉ FYLGT

Óðinn Sigþórsson, bóndi í Einarsnesi við Borgarnes, er einn kærendanna. Óðinn er formaður Landssambands veiðifélaga og varaformaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi. Hann segist aldrei mundu hafa lagt fram kærurnar ef hann hefði talið að allt hefði farið fram lögum samkvæmt.



ÓÐINN SIGÞÓRSSON

„Ég er alveg sáttur við þessa niðurstöðu. Ég tel að hún sé eðlileg afleiðing af því hvernig staðið var að þessu," segir Óðinn. „Það er auðvitað algjört grundvallaratriði þegar menn ætla að endurskoða stjórnarskrána að staðið sé að því með þeim hætti að það sé hafið yfir allan vafa að lögum sé fylgt."

MAÐUR FER EKKI Í MÁL NEMA TIL AÐ VINNA

Þorgrímur S. Þorgrímsson, vélvirkja- og rennismíðameistari í Neskaupstað, er einn kærenda kosninganna. Hann situr í stjórn Sjálfstæðisfélags Norðfjarðar. Þorgrímur vildi lítið tjá sig um málið við Fréttablaðið að öðru leyti en því að hann væri ánægður með úrskurð Hæstaréttar.

„Ég er hæstánægður með þetta. Maður fer auðvitað ekki í mál nema til þess að vinna það," segir Þorgrímur. Hann vísar þá á lögfræðinga sína. Gísli M. Auðbergsson, lögfræðingur hjá lögmannsstofunni Réttvísi, var einn lögfræðinga Þorgríms sem unnu að málinu. Hann segir dóm Hæstaréttar vera í algjöru samræmi við þær kærur sem lagðar voru fram.

„Annmarkarnir voru það alvarlegir að það var í raun ekki hægt að líta framhjá þeim," segir Gísli. „Við sáum aldrei fyrir okkur að það hefði verið hægt að komast hjá því að ógilda kosninguna." Hann segir það hafa verið rætt meðal samstarfsmanna sinna að fyrirkomulag kosninganna hefði verið í ólagi. „Eins og ég skildi þetta fannst mönnum þetta vera meingallað," segir Gísli. „Hvort það væri hægt að hafa þessar kosningar eitthvað óvandaðri en aðrar."

DAPUR DAGUR FYRIR SKATTGREIÐENDUR

Skafti Harðarson, rekstrarstjóri hjá Húsasmiðjunni og frambjóðandi til stjórnlagaþings, lagði einnig fram kæru til Hæstaréttar. Skafti bauð sig fram til stjórnlagaþings undir þeim formerkjum að þingið og þau útgjöld sem því fylgdu væru fásinna. Hann segist afskaplega ánægður með niðurstöðuna en tekur fram að hann sé hins vegar ekki ánægður með það hversu mikl-um tíma og peningum sé búið að eyða í kosningar sem hann telur að hafi verið fyrir neðan allar hellur.



SKAFTI HARÐARSON

„Fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda er þetta dapur dagur," segir Skafti. „Ég bauð mig fram undir þeim formerkjum að þetta væri óþarft og tengdist hruni ekki á nokkurn hátt." Hann telur að betra sé að hafa eytt tímanum og peningunum í stjórnlagaþing sem hugsanlega aldrei verði en að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist. „Það eru engin rök að lög megi brjóta til þess að spara okkur pening. Það væri nú einhver fáránlegasta röksemd fyrir fasisma sem ég hef heyrt."




VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

VÆTUSAMT VESTRA Það verður heldur úrkomusamt um vestanvert landið næstu daga og líklega um helgina einnig. Svipað veður á morgun en fer hægt kólnandi og á föstudag má búast við ákveðinni vestanátt með slyddu- éljum eða éljum.



HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	3°
Berlín	1°
Billund	-1°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	-1°
Kaupmannahöfn	-1°
Las Palmas	20°
London	6°
Mallorca	12°
New York	4°
Orlando	21°
Ósló	-10°
París	4°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Lokafrestur 31. janúar

Hægt er að skila inn rafrænni umsókn á skattur.is

Endurgreiða má virðisaukaskatt vegna kostnaðar við aðkeypta vinnu við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði. Samhliða má lækka tekjuskattsstofn um mest 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Frestur til að skila inn umsókn vegna vinnu á árinu 2010 rennur út 31. janúar næstkomandi.

Ef sótt er um eftir þann tíma vegna framkvæmda á síðasta ári heimilast aðeins endurgreiðsla á virðisaukaskatti en ekki lækkun á tekjuskattsstofni.

Húsfélög sem fengið hafa endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir hönd eigenda þurfa að skila til ríkisskattstjóra sundurliðun á kostnaði þannig að eigendur geti átt rétt á lækkun á tekjuskattsstofni við álagningu 2011. Hægt er að skila inn sundurliðun á skattur.is.

Til að lækka tekjuskattsstofn þarf að skila umsókn í síðasta lagi 31. janúar



RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is

ÁKVÖRÐUN HÆSTARÉTTAR: Stjórnlagaþingskosningar ógildar

Ekki einhuga um túlkun

Lagaprófessorar eru ekki einhuga um túlkun niðurstöðu Hæstaréttar. Eiríkur Tómasson vill skýrari rök fyrir ógildingu en Sigurður Líndal varar við því að sömu fulltrúarnir verði skipaðir framhjá Hæstarétti.

Ekki er einhugur meðal lagaprófessoranna Eiríks Tómassonar og Sigurðar Líndal um ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosningarnar til stjórnlagaþings.

Skiptar skoðanir eru þeirra á milli varðandi hversu nákvæmlega eigi að fylgja lagabókstafnum.

Eiríkur segist, í samtali við Fréttablaðið, setja spurningarmerki við ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosningarnar og hefði viljað sjá traustari rökstuðning.

„Þrátt fyrir ágalla tel ég ekki efni til að ógilda kosninguna. Ég byggi það á því að í lögum um kosningar til Alþingis. Þar er meginreglan sú að kosningar skulu ekki ógildar þrátt fyrir að ágallar hafi verið á þeim, nema ætla megi að þeir ágallar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna. Þannig finnst mér að Hæstiréttur hefði kannski þurft að rökstyðja betur af hverju hann kemst að þessari niðurstöðu þrátt fyrir tilvist þessa ákvæðis.“

Með því segist Eiríkur ekki vera að taka efnislega afstöðu til málsins, en hann bætir því við að það góða við þennan úrskurð sé að hann marki þá stefnu að héðan í frá verði aðstandendur kosninga að vanda til verka í hvívetna.

Sigurður Líndal sagðist í gærkvöldi ekki hafa lesið ályktun Hæstaréttar en lagði áherslu á að ætíð verði að fara nákvæmlega eftir lögum.

„Í svona tilfellum verður að fara eftir lögunum í þeirra strangasta skilningi. Þarna á það við, því ef það er farið að slaka á þeim þá vitum við ekki hvar við endum. Álitamálin verða endalaus og við endum í ógöngum.“



FULLTRÚAR FUNDA Vongóðir stjórnlagaþingmenn hittust og réðu ráðum sínum í húsnæði stjórnlagaþings við Ofanleiti seint í gærkvöldi. Ekki var að sjá annað en að vel lægi á viðstöddum. Hér mæta Þorvaldur Gylfason og Arnfríður Guðmundsdóttir á fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður segir að þótt framhaldið sé óvíst, sé misráðið að líta framhjá þessu áliti Hæstaréttar.

„Ef Alþingi ákveður að kjósa þessa 25 einstaklinga [í stjórnarskrárnefnd] er verið að sniðganga lögin, og fara í kringum lögin. Það kann að vera formlega löglegt en þarna sýnist mér verið að sniðganga lög. Það hlýtur að rýra það traust, sem fulltrúar á þinginu verða að njóta. Þetta stjórnlagaþing verður að vera hafið yfir allan vafa og enginn blettur á því.“

thorgils@frettabladid.is,
jonab@frettabladid.is

Deilir ekki við dómarann



ÞORKELL HELGASON

„Maður deilir ekki við dómarann þó að maður sé honum ósammála innanbrjósts. Nú bíður maður eftir því sem stjórnvöld hafa að segja um málið. Mér finnst mikilvægt að svona stjórnlagaþing verði haldið með einhverju móti. Hvort ég verð með í því er þó önnur saga.“

Skiptir mestu að halda þingið



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

„Stærstu vonbrigðin væru ef stjórnlagaþingið yrði ekki haldið. Það skiptir mestu máli. Hvort ég kemst þangað eða ekki er aukaatriði; aðalatriðið er að stjórnlagaþingið verði haldið fyrr en síðar. Stjórnvöld verða með einum eða öðrum hætti að ákveða hvað verður gert í framhaldinu.“

Þjóðin fái tækifæri til að breyta



ÁSTRÓS GUNNLAUGSDÓTTIR

„Það er mjög mikilvægt að þjóðin fái tækifæri til að breyta sínu samfélagi, en hvort sem það verður á þessu stjórnlagaþingi þar sem ég á sæti eða ekki verður að koma í ljós.“

Kemur á óvart



DÖGG HARÐARDÓTTIR

„Þetta kemur á óvart. Hins vegar hef ég verið með báða fætur á jörðinni og bíð nú eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum. Ég bíð og sé hvað næsti sólarhringur ber í skauti sér.“

FYRRI DÆMI UM ÓGILDAR KOSNINGAR

Sex sinnum á rúmum 30 árum hafa sveitarstjórnarkosningar verið ógiltar á Íslandi. Engin fordæmi eru hins vegar fyrir því að almennar kosningar séu ógiltar.

Geithellnahreppur 1978
Of þunnur pappír í kjörseðlum

Nauteyrarhreppur 1990
Yfirlýsing frá einum frambjóðanda lá frammi í kjörklefa

Hólmavík 1994
Ákvæðum laga um framboðsfrest ekki fylgt

Stykkishólmur 1994
Ákvæðum laga um framboðsfrest ekki fylgt

Borgarbyggð 2002
Ágallar á framkvæmd kosninga vegna utankjörfundaratkvæða. (Í þessu tilfelli var Óðinn Sigþórsson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokks, andvígur ógildingunni og kærði til héraðsdóms sem sneri við ákvörðun ráðuneytisins. Kosningin var þó endurtekin, um hálfu ári eftir fyrri kosninguna, að gengnum dómi í Hæstarétti. Óðinn er einn af þeim sem kærðu stjórnlagaþingskosninguna að þessu sinni)

Reykhólahreppur 2010
Ágallar á framkvæmd kosninga vegna kynningar á kosningum

Uppnám hjá starfsmönnum

„Það er alveg óráðið hver okkar verkefni verða næstu dagana,“ segir Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri undirbúningsnefndar stjórnlagsþingsins. Hann hefur starfað að undirbúningi þingsins síðan í ágúst. Nú vinna fimm manns fyrir þingið og eru störf þeirra í uppnámi.



ÞORSTEINN FR. SIGURÐSSON

Þorsteinn segir niðurstöðu Hæstaréttar vonbrigði. Til stóð að ráða tólf manns til starfa fyrir þingið á næstunni og höfðu umsækjendur verið kallaðir í viðtöl, að sögn Þorsteins. Ekki hafði þó verið gengið frá neinni ráðningu.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi áttu að byrja að þiggja laun 15. febrúar, þegar til stóð að þingið hæfist. Spurður hvort hið opinbera hafi með einhverjum hætti skuldbundið sig gagnvart fulltrúunum, jafnvel þótt ekki verði af þinginu, segist Þorsteinn ekki geta svarað því. Það sé lagalegt úrlausnarefni.

Stjórnlagaþing átti að kosta í heildina á sjötta hundrað milljónir. „Ég geri mér ekki grein fyrir hvar kostnaðurinn liggur eða hver kostnaðurinn yrði ef þingið yrði blásið af,“ segir Þorsteinn. „En auðvitað yrðu það einhverjar milljónir, sem eðlilegt er því við erum langt komin með að undirbúa þingið.“ Sá undirbúningur muni hins vegar að mestu nýtast ef ákveðið verður að kjósa aftur og þinga seinna. - sh

Ekki má missa sjónar á markmiðinu



ÓMAR RAGNARSSON

Ómar Ragnarsson segist hafa búið sig undir að dómur Hæstaréttar færi á hvorn veginn sem var.

Ómar segir þá þrjá kosti sem forsætisráðherra tiltók á þingi í gær hafa sína galla. Verði hætt við allt séu Íslendingar komnir á sama stað og hefur verið frá 1944 þegar fyrsta stjórnarskrárnefndin var skipuð. Annar kosturinn sé að halda aftur kosningar með þeim kostnaði sem því fylgi, og sá þriðji sá að Alþingi skipi þá 25, sem náðu kjöri, í stjórnarskrárnefnd.

„Það er framkvæmanlegt því að stjórnskipulagslega séð stóð stjórnlagaþingið á sama stað í stjórnkerfinu og hver önnur ráðgefandi nefnd. En ég á eftir að sjá að það verði nokkur friður um það fyrirkomulag.“

Ómar segist þó fyrst og fremst vona að kosningarnar fari fram. Ekki megi missa sjónar á markmiðinu, sem sé að búa til nútímalega stjórnarskrá. - þj



Endurgreiðsla vaxta vegna yfirdráttar

Vilt þú *lækka* yfirdráttinn og fá *endurgreiðslu* vaxta?

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000 eða kynntu þér lækkun yfirdráttar og endurgreiðslu vaxta á arionbanki.is.

Við tökum vel á móti þér.

Arion banki

Takk fyrir okkur

Íslandsbanki

Þann 22. janúar komu viðskiptavinir og starfsmenn Íslandsbanka saman og ræddu þjónustu í stóru samhengi. Um 150 viðskiptavinir og 650 starfsmenn sóttu fundinn sem heppnaðist einkar vel. Skoðanir og hugmyndir viðskiptavina okkar skipta miklu máli því þeir vita hvað vel er gert og hvað betur mætti fara.

aðlögunarhæfni ábyrgð áhugi áreiðanleiki bros **eftirfylgni** einfaldleiki fagleg fagmennska framsýni framúrskarandi frumkvæði fræðsla gegnsæi **heiðarleiki** **hraði** hreinskilni jákvæðni lausnir liðsheild **netbanki** persónuleg ráðgjöf samábyrgð siðferði skilningur sparnaðarleiðir sveigjanleiki traust trúnaður umbun **umhyggja** **upplýsingaflæði** valddreifing viðmót virðing væntingastjórnun þarfagreining þekking þjónustulund öryggi

Við þökkum viðskiptavinum fyrir þeirra framlag.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0206

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 27. janúar gefur Íslandspóstur út tvær frímerkjaraðir. Íslenskir fuglar á válista er frímerkjaútgáfa tileinkuð 50 ára afmæli Alþjóðanáttúruverndarsjóðsins 2011. Hringanóri og útselur prýða frímerki í röðinni „Selir við Íslandsstrendur".



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

ÁKVÖRÐUN HÆSTARÉTTAR: Stjórnlagaþingskosningar ógildar

Jóhanna ætlar ekki að hætta við þingið

Forsætisráðherra segir íhaldið hlakka yfir dómi Hæstaréttar um framkvæmd kosninga til stjórnlagaþings. Ekki komi til greina að hætta við þingið.

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að þrír möguleikar virtust í stöðunni í framhaldi af dómi Hæstaréttar um að ógilda stjórnlagaþingskosningar. Fyrsti möguleikinn væri að hætta við þingið, sem hún teldi ekki koma til greina. Annar möguleiki væri að bæta úr þeim ágöllum sem Hæstiréttur hefði fundið að og halda nýjar kosningar. Þriðji möguleikinn væri að kjósa þá 25 sem hlotið hefðu kosningu í ólögmætri kosningunni í stjórnlaganefnd eða stjórnlagaþing í umboði Alþingis.

Forsætisnefnd Alþingis þyrfti að fjalla um framhald málsins ásamt landskjörstjórn og innanríkisráðuneyti. „Við getum ekki gefið þjóðinni langt nef með því að hætta við að hafa stjórnlagaþing," sagði Jóhanna, sem skoraði á stuðningsmenn þingsins að taka höndum saman um að finna leiðir til þess að þingið færi fram. „Setjumst yfir það að finna lausn á þessu vandamáli."

Hálfdapurlegt væri að sjá hlakka í talsmönnum „íhaldsins" vegna dóms Hæstaréttar: „Það er ljóst að stjórnlagaþing hefur alltaf verið eitur í beinum íhaldsmanna," sagði Jóhanna.

„Þetta er í fyrsta skipti í sögu þessa lýðræðisríkis sem Hæstiréttur sér sig knúinn til að ógilda almennar kosningar," sagði Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Það gerði rétturinn ekki vegna smávægilegra ágalla heldur vegna þess að allur lagagrundvöllur málsins væri skakkur. Hún hvatti forsætisráðherra til að íhuga stöðu sína nú þegar ógilda hefði þurft almennar kosningar í landinu vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar. „Þetta er enn eitt dæmið um þær ógöngur sem stjórn þessa lands er komin í," sagði Ólöf.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði að niðurstöðuna bæri að virða og taka alvarlega. „En ég vek athygli á því að í engu tilviki telur nokkur maður á sér hafa verið brotið."

„Ég segi til hamingju með daginn, ríkisstjórn," sagði Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki. „Það mistekst allt hjá ykkur sem þið komið nálægt."

„Baráttan um framtíð Íslands stendur yfir. Mikilvægast er að stjórnlagaþingið verði haldið og að við fáum róttæka endurskoðun á stjórnarskránni," sagði Margrét Tryggvadóttir, Hreyfingunni. „Við vissum að á leiðinni að nýrri stjórnarskrá væru margar þúfur, við höfum nú hrasað um eina þeirra."



FRA ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á þingi í gær að þrír möguleikar væru í stöðunni. Hún telur ekki koma til greina að hætta við stjórnlagaþingið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

peturg@frettabladid.is

90,5%
VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

★ ★ ★ ★ ★

„Fólkið er frábært og yndislegt."


„Mæli með ykkur og veit að sumt af mínu fólki hefur komið til ykkar."

„Æðisleg þjónusta."

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig."

Samkvæmt nýrri þjónustukönnun eru meira en 90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.

Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.



MP BANKI

Þjónustukönnunin var gerð af Capacent fyrir MP banka í september

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Eitt höfuðmála stjórnarinnar

Stjórnlagaþing var (og er) eitt af höfuðmálum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Hafa hún og margir aðrir stjórnarliðar margsinnis lýst mikilvægi þess í ræðu og riti.

Fjallað var um stjórnlagaþing í samstarfsyfirlýsingum beggja ríkisstjórna Samfylkingarinnar og VG.

Í hátíðarræðu 17. júní síðastliðinn sagðist Jóhanna Sigurðardóttir binda miklar vonir við stjórnlagaþing. „Ég tel að hér sé á ferðinni eitt merkasta mál sem samþykkt hefur verið á Alþingi og að með samþykkt þess sé stigið afar stórt skref í lýðræðisátt." Síðar í ræðunni sagði hún stjórnlagaþingið að mörgu leyti geta markað upphaf nýs kafla í stjórnmálum og stjórnskipan landsins.

Í ræðu á Alþingi í byrjun september síðastliðins sagði Jóhanna að fram undan væri eitt viðamesta samfélagsverkefni samtímans, „að þjóðin semji sér nýja stjórnarskrá frá grunni og móti nýjan ramma um allt íslenska stjórnkerfið. Þetta er lýðræðisverkefni sem kallað hefur verið eftir í áratugi og með samþykkt Stjórnlagaþingsins verður það nú loks að veruleika."

Jóhanna og ýmsir fleiri stjórnmálamenn hafa undanfarna mánuði og misseri margsinnis sagt mikilvægt að stjórnlagaþing taki tiltekin málefni til athugunar og meðferðar. Um ýmis verkefni þess er enda kveðið í lögum um þingið.

Í áramótagrein í Fréttablaðinu sagði Jóhanna til dæmis að á vettvangi stjórnlagaþings yrðu teknar ákvarðanir um stórmál sem gætu varðað veg þjóðarinnar um ókomna tíð. „Sameign Íslendinga á auðlindum, framtíð forsetaembættisins, þingræðisins og þjóðkirkjunnar, aukið vægi þjóðaratkvæðagreiðslna og þá hugmynd að landið verði eitt kjördæmi."

Jóhanna hefur lengi verið þeirrar skoðunar að efna beri til stjórnlagaþings. Flutti hún fyrst frumvarp þess efnis árið 1994. Í grein sem hún skrifaði í Fréttablaðið í aðdraganda stjórnlagaþingskosninganna í nóvember sagðist hún lengi hafa talað fyrir daufum eyrum í þessum efnum en eftir efnahags- og stjórnmálahrunið 2008 hefðu viðhorfin breyst. Sagði hún þingið eiga sér fáar hliðstæður í heiminum og væntanlega myndi það hafa áhrif á lýðræðisþróun og aðferðafræði við mótun stjórnarskráa. **-bþs**

Sjálfstæðismenn á móti

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru flestir alla tíð á móti stjórnlagaþingi. Við atkvæðagreiðslu um málið lýsti Birgir Ármannsson því yfir að flokkurinn féllist ekki á hugmyndina um stjórnlagaþing og gæti því ekki stutt það. Áður sagði hann flokkinn hins vegar hafa tekið þátt í vinnu á vettvangi allsherjarnefndar við að reyna að lagfæra og betrumbæta frumvarpið um þingið og taldi hann breytingar sem á því voru gerðar hafa verið til bóta.

Við atkvæðagreiðsluna sátu ellefu þingmenn flokksins hjá, þrír voru fjarverandi en einn, Óli Björn Kárason, greiddi atkvæði gegn frumvarpinu. Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Jón Gunnarsson, var hins vegar hlynntur stjórnlagaþingi og sagði já. **- bþs**

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA



Vorönn 2011

Skrifstofuskólinn

Skrifstofunám

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

Tölvugreinar:
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar:
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni:
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

Hefst 7. feb. Morgun og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir hentugleikum.
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri.
Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar.
Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 7. feb. Morgun og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir hentugleikum.
Lengd: 210 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 14. mars

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 15. apríl

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign.
Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 1. febrúar

Myndbanda- og tæknibrellugerð

Skemmtilegt og gagnlegt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Einnig eru tekin fyrir grunnatriði hreyfimyndagerðar. Unnið verður í Photshop, Premiere Pro og After Effects.
Lengd: 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 10. febrúar

Vefsíðugerð

Photoshop og Dreamweaver.
Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 2. febrúar



Almenn tölvunámskeið

Almennt tölvunám

Windows – Word – Excel - Internet – Outlook
Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. febrúar morgun og kvöldhópar

Eldri borgarar 60+

Byrjendur 60+

30 stunda námskeið fyrir þá sem hafa litla sem enga tölvukunnáttu.
Verð kr.25.000,- Hefst 2. feb. kennt er mán og mið kl. 13-16

Framhald 60+

30 stunda nám fyrir þá sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Verð kr.25.000,- Hefst 3. feb. kennt er þri og fim kl. 13-16

Stafrænar myndavélar og tölvan 60+


Myndavélin, yfirfærsla mynda í tölvu, skipulag myndasafns, lagfæringar mynda ofl.
Verð kr. 18.000,- Hefst 15. feb. kennt mán og mið kl. 13-16

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is



FLÓTTAMAÐUR Stjórnvöld í Pakistan samþykktu í mars í hittifyrra að skjóta skjólshúsi yfir 1,7 milljónir flóttamanna frá Afganistan til 2012. Á þessari mynd er Sana Ghulab sjö ára fyrir framan heimili sitt í útjaðri Islamabad, höfuðborgar Pakistans. Þar er hvorki að finna rafmagn né vatnslagnir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landeigendur í Jökuldal ósáttir við nýfallinn dóm Héraðsdóms Austurlands:

Telja vatnsréttindi seld á spottprís

DÓMSMÁL „Þetta er náttúrlega hneyksli," segir Jakob Bjarnar Grétarsson, einn landeigenda á Jökuldal, en fjölskipaður Héraðsdómur Austurlands dæmdi í gær að vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar skyldu metin á um 1,6 milljarða króna.

Niðurstaða dómsins er að mestu leyti í samræmi við niðurstöður matsnefndar um málið frá 2007.

Ríkið á sjálft upp undir 70 prósent af vatnsréttindunum og undi niðurstöðu matsnefndarinnar á sínum tíma. Aðrir landeigendur sættu sig hins vegar ekki við þá niðurstöðu.

Einn landeigendanna sagðist í samtali við Vísi.is telja að með þessum dómi væru öll vatnsréttindi fallvatna á íslandi metin á um tíu milljarða króna. Það væru smámunir samanborið við verðmæti orkunnar.



FRÁ KÁRAHNJÚKUM Búist er við að landeigendur áfrýi dómi Héraðsdóms Austurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón Jónsson, lögfræðingur landeigenda, telur líklegt að málinu verði áfrýjað.

KPMG styður við Gulleggið:

Fjöldi nýrra starfa verður til

NÝSKÖPUN Endurskoðendafyrirtækið KPMG og nýsköpunar- og frumkvöðlasetrið Innovit hafa samið um að KPMG styðji við frumkvöðlakeppnina Gulleggið.

Í tilkynningu segir að KPMG muni styðja við þátttakendur í keppninni með ráðgjöf og þjálfun auk þess sem sérstakt námskeið verði haldið.

Á þeim tveimur árum sem keppnin hefur verið haldin hafa orðið til 120 ný störf hjá þeim fyrirtækjum sem hafa tekið þátt eða verið stofnuð í kjölfar hennar. - jab

Erfiðleikar á Álftanesi:

Dráttarvextir felldir niður

SVEITARSTJÓRNIR Stjórn Sorpu hefur „í ljósi sérstakra aðstæðna og erfiðleika sveitarfélagsins Álftaness" fellt niður um 800 þúsund króna dráttarvexti af skuld Álftaness við fyrirtækið. „Ákvörðunin er tekin í ljósi sérstakra aðstæðna og er ekki fordæmisgefandi," segir í samþykkt stjórnar Sorpu.

Að sögn Björns Þórs Halldórssonar, framkvæmdastjóra Sorpu, hefur skuld Álftaness að öðru leyti verið gerð upp. - gar





NÝMJÓLK Verð á nýmjólk mun hækka meira en á öðrum mjólkurvörum um næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mjólkurverð mun hækka:

Verð á nýmjólk hækkar um 5%

NEYTENDUR Verð á nýmjólk mun hækka um tæp fimm prósent hinn 1. febrúar næstkomandi.

Landbúnaðarráðuneytið sendi frá sér tilkynningu um málið og þar kemur fram að verðlagsnefnd búvara hafi tekið þá ákvörðun að hækka heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum um 2,25 prósent að meðaltali.

Þó mun verð á nýmjólk hækka hlutfallslega jafnt og hækkun til bænda. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 3,25 krónur á hvern lítra mjólkur eða um 4,56 prósent. Eftir hækkunina munu bændur fá 74,38 krónur fyrir hvern mjólkurlítra.

Samkvæmt ráðuneytinu eru breytingarnar gerðar vegna hækkana á breytilegum kostnaði til búrekstrar. - sv

FÉLAGSMÁL

Fjár fatlaðra illa gætt

„Meðferð einkafjármuna fólks með fötlun er oft og tíðum verulega ábótavant," segir sérnefnd vegna tilflutnings málefna fatlaðra í Kópavogi. Nefndin segir að brýnt sé að setja lög um réttindagæslu hið fyrsta og finna raunsæjar leiðir til úrlausnar.

Afskrifar átta milljarða á þremur árum

Ríkissjóður þarf að leggja Byggðastofnun til 3,5 milljarða króna svo eiginfjárhlutfall hennar samræmist þörf. Hlutfallið er nú 5,8%. Stofnunin telur nauðsynlegt að leggja árlega hálfan milljarð króna á afskriftarreikning næstu fimm ár.

STJÓRNSÝSLA Stjórnendur Byggðastofnunar telja að stofnunin þurfi að leggja 4,3 milljarða króna á afskriftarreikning í ársreikningi 2010. Þegar hafa 2,8 milljarðar verið lagðir á afskriftarreikning en stjórnendurnir meta það svo að þörf sé á 1,5 milljörðum til viðbótar. Hefur stofnunin þá lagt samtals 8,2 milljarða á afskriftarreikning frá 2008.

Þetta er upplýst í skýrslu starfshóps sem fjallaði um lánastarfsemi Byggðastofnunar í kjölfar þess að eigið fé hennar var komið undir lögbundið lágmark.

Í sumar var eiginfjárhlutfallið komið í 5,18 prósent en samkvæmt lögum á eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis að nema að lágmarki átta prósentum af áhættugrunni. Í skýrslunni eru ástæður svo lágs hlutfalls Byggðastofnunar sagðar framlög í afskriftasjóð, lægri vaxtatekjur en áætlað var og gengistap vegna styrkingar krónunnar.

Tekið er fram að þrátt fyrir að eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar sé undir lögbundnu marki glími hún ekki við lausafjárvanda. Stofnunin hafi handbært fé sem nemi tæpum tveimur milljörðum króna til að standa við skuldbindingar út árið. Auk þess hafi hún þriggja milljarða króna lántökuheimild samkvæmt fjárlögum.


Í fimm ára rekstraráætlun Byggðastofnunar, sem gerir ráð fyrir árlegum tveggja milljarða króna útlánum og hálfs milljarðs framlagi á afskriftarreikning, telur stofnunin nauðsynlegt að ríkið leggi henni til 3,5 milljarða króna. 2,5 milljarðar verði lagðir til á þessu ári en samtals milljarður á næstu fjórum árum.

bjorn@frettabladid.is



BYGGÐASTOFNUN Þörf er á 3,5 milljarða ríkisframlagi til stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framlög í afskriftarreikning



Úr skýrslunni

- Rétt er að íhuga hvort ekki megi fækka fulltrúum í stjórn Byggðastofnunar. Þeir eru nú sjö og jafn margir til vara.
- Langflestar lánveitingar eru til fyrirtækja í sjávarútvegi sem starfa á fámennum svæðum.
- Um fjögur þúsund störf eru á bak við útlán Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Þar af er 1.621 starf í sjávarútvegi.
- 1. desember 2010 voru 32% íbúa á vinnumarkaði í Vesturbygð starfandi hjá fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við Byggðastofnun.
- 29% fyrirtækja á starfssvæði Byggðastofnunar eru með áhættu umfram eðlileg mörk og 14% fyrirtækja fá alls ekki á sig áhættumat þar sem þau eru ógjaldfær eða í alvarlegum vanskilum.

Hot Yoga
Spinning
Freestyle Step

World Class
ICELAND

Höskuldur Þór Þórhallsson vill að samtal Davíðs og Kings verði gert opinbert:

Telur samtalið skipta miklu máli

ALÞINGI Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er ósammála því mati Oddnýjar G. Harðardóttur, formanns fjárlaganefndar, að samtal seðlabankastjóra Íslands og Bretlands haustið 2008 breyti engu um stöðu Icesave-málsins.

Fjárlaganefndarmönnum var sýnt afrit af samtalinu á mánudagskvöld.

„Ég tel að samtalið skipti miklu máli um afstöðu manna til málsins og hvort við eigum að láta reyna á hvort við eigum að borga skuldina yfir höfuð," segir Höskuldur.

Hann vill ekki upplýsa hvað seðlabankastjórunum fór á milli enda bundinn trúnaði. Höskuldur er hins vegar þeirrar skoðunar að aflétta beri trúnaðinum. „Ég og fleiri í stjórnarandstöðunni kröfðumst þess að trúnaði yrði aflétt af hluta samtalsins," segir hann. Mervyn King, seðlabankastjóri Bretlands, hefði lýst yfir að í samtalinu kæmu fram viðkvæmar bankaupplýsingar. Höskuldur telur þær upplýsingar þegar hafa verið opinberaðar en engu að síður sé sjálfsagt að trúnaði verði aðeins aflétt af þeim hluta samtalsins þar sem bankaupplýsingarnar komi ekki fram.



HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

Höskuldur segir Má Guðmundsson seðlabankastjóra hafa sagt á fundinum á mánudag að ekki hefði verið farið fram á það við King að trúnaði yrði aflétt af hluta samtalsins. Eðlilegt sé hins vegar að það verði gert og að Már og seðlabankinn hlutist til um það.

Oddný Harðardóttir sagði í Fréttablaðinu í gær það sitt mat að samtalið breytti ekki stöðu Icesave-málsins. Hún sagði líka að fjárlaganefnd myndi ekki reyna að fá trúnaðinum aflétt. - bþs

ASKJA – NOTAÐIR BÍLAR

Gott úrval notaðra bíla á frábæru útsöluverði.
Verðlækkun allt að 900.000 kr. Útsalan stendur
aðeins í nokkra daga. Ekki missa af þessu!

23% afsláttur

Ford Fusion
Nýskr. 9/2005, ekinn 70 þús.
Verð áður ~~1.290.000~~ kr.
Útsöluverð
990.000 kr.

31% afsláttur

Audi A6
Nýskr. 9/1999, ekinn 179 þús.
Verð áður ~~1.290.000~~ kr.
Útsöluverð
990.000 kr.

18% afsláttur

Toyota Land Cruiser, dísel
Nýskr. 7/1997, ekinn 212 þús.
Verð áður ~~1.200.000~~ kr.
Útsöluverð
990.000 kr.

Úrval notaðra Mercedes-Benz lúxusbíla með 2ja ára auka ábyrgð. Allir yfirfarnir af Öskju, allir í topp-standi!

19% afsláttur

VW Polo
Nýskr. 6/2007, ekinn 70 þús.
Verð áður ~~1.460.000~~ kr.
Útsöluverð
1.190.000 kr.

17% afsláttur

Toyota Rav 4 dísel
Nýskr. 8/2005, ekinn 95 þús.
Verð áður ~~2.390.000~~ kr.
Útsöluverð
1.990.000 kr.

12% afsláttur

Kia Sorento dísel
Nýskr. 3/2007, ekinn 78 þús.
Verð áður ~~3.740.000~~ kr.
Útsöluverð
3.290.000 kr.

25% afsláttur

Hyundai Getz
Nýskr. 6/2008, ekinn 57 þús.
Verð áður ~~1.450.000~~ kr.
Útsöluverð
1.090.000 kr.

15% afsláttur

Kia cee'd dísel
Nýskr. 7/2009, ekinn 52 þús.
Verð áður ~~2.590.000~~ kr.
Útsöluverð
2.190.000 kr.

Opið virka daga kl. 9–18
og laugardaga kl. 12–16

ASKJA

Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-0174

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ógilding stjórnlagaþingskosninganna er herfilegt áfall fyrir gróið lýðræðisríki.

Ekki einu sinni afsökunarbeiðni

Ákvörðun Hæstaréttar um að ógilda kosningarnar til stjórnlagaþings er herfilegur skellur og álitshnekkir fyrir það gróna lýðræðisríki sem Ísland telur sig vera. Það er fáheyrt, ef ekki einsdæmi, í vestrænu lýðræðisríki að ógilda þurfi almennar kosningar vegna ágalla á framkvæmd og hefur aldrei áður gerzt hér á landi, þótt kosningar í nokkrum sveitarfélögum hafi verið ógiltar.

Um leið er niðurstaðan augljóslega áfall fyrir ríkisstjórnina, sem bar ábyrgð á framkvæmd kosningarinnar, en það er eins og forystumenn hennar vilji ekki skilja hversu alvarlegt málið er. Það var fullkomlega fráleitt af Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær að vísa ábyrgðinni frá sér og ráðuneyti sínu. Í flestum öðrum vestrænum ríkjum væru bæði innanríkisráðherrann og landskjörstjórnin nú þegar búin að segja af sér, hugsanlega einhverjir embættismenn í innanríkisráðuneytinu líka. En hér, þar sem við tölum stundum um einhverja elztu lýðræðishefð í heimi, fær þjóðin ekki einu sinni afsökunarbeiðni.



SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Vissulega voru ráðuneytið og landskjörstjórn að reyna að bregðast við óvenjulegum og fordæmislausum aðstæðum, þegar mörg hundruð manns gáfu kost á sér til stjórnlagaþingsins. En niðurstaða Hæstaréttar er að í því ferli hafi verið gefinn afsláttur af grundvallaratriðum sem eiga að tryggja almenna, frjálsa, leynilega og beina kosningu á grundvelli jafnréttis. „Framkvæmd opinberra kosninga í samræmi við þessi meginsjónarmið er í senn undirstaða og forsenda fyrir lýðræðislegu þjóðskipulagi," segir Hæstiréttur réttilega. Um það mat hans að kosningin hafi verið ólögmæt og ógild verður ekki deilt.

Á það hefur verið bent að ekki hafi komið fram að ágallarnir hafi leitt til þess að brotið hafi verið á rétti neins frambjóðanda eða kjósanda og þeir hafi ekki haft nein áhrif á útkomu kosninganna. Það er í raun aukaatriði í málinu. Við framkvæmd lýðræðislegra kosninga bera margir mikla ábyrgð og öllu máli skiptir að fylgja kosningalögum til hins ýtrasta. Annars dvínar virðingin fyrir þeim og lýðræðið er í hættu.

Hitt er svo annað mál að þótt stjórnlagaþing geti ekki komið saman að óbreyttu stendur óhögguð sú ákvörðun meirihluta Alþingis að efna til slíks þings til að endurskoða stjórnarskrána. Vandséð er hvaða kostir eru nú í stöðunni aðrir en að endurtaka kosningarnar til stjórnlagaþingsins eftir að tryggt hefur verið að bætt hafi verið úr annmörkum á framkvæmdinni. Það hefur verið gert í fyrri tilvikum þar sem kosningar hafa verið ógiltar og virðist hin rökrétta, lýðræðislega leið í afleitri stöðu. Sjálfsagt er hins vegar að Alþingi gefi sér gott tóm til að skoða málið, því að ef draga má einhvern lærdóm af þessu skelfilega klúðri er það að vanda þarf vinnubrögðin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Auðvitað

Einar K. Guðfinnsson Sjálfstæðisflokki er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um að Ríkisendurskoðun verði falið að hafa eftirlit með kostnaði við umsókn Íslands um aðild að ESB og birta um hann upplýsingar ársfjórðungslega. Í greinargerð segir að gagnrýnt hafi verið að erfitt sé að afla greinargóðra upplýsinga um kostnaðinn og á skorti að upplýsingarnar séu aðgengilegar. Nauðsynlegt sé að bæta úr þessu enda hljóti það að vera keppikefli stjórnvalda að upplýsingar af þessum toga séu aðgengilegar. Þetta er hárrétt hjá Einari og hlýtur þingheimur allur að geta stutt tillöguna.



Tryggvi

Tryggvi Þór Herbertsson Sjálfstæðisflokki lét nýverið starfsmenn Alþingis taka saman upplýsingar um hve oft og lengi fulltrúar flokkanna á Alþingi töluðu á síðasta þingi. Niðurstaðan var sú að sjálfstæðismenn töluðu oftast og lengst. Þetta lét hann gera af því að „nokkrir dyggir sjálfstæðismenn" höfðu sagt við hann að það heyrðist aldrei neitt í þingmönnum flokksins.



Áfram skal talið

Nú vill Tryggvi meiri upplýsingar. Hann hefur beðið menntamálaráðherra um að segja sér hvaða þingmenn rætt var við, og hve oft, í fréttum Útvarps og Sjónvarps, Speglinum, Silfri Egils og Kastljósi árin 2009 og 2010. Tryggvi vill líka vita hvaða álitsgjafar komu oftar en þrisvar í áðurnefnda þætti á áðurnefndum árum og hve oft. Þó ekki fylgi það fyrirspurninni má ætla að „nokkrir dyggir sjálfstæðismenn" hafi sagt Tryggva að aðrir væru oftar í sjónvarpinu en hann.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



Efnisleg umræða um ESB-aðild

Ísland og ESB



Elvar Örn Arason
framkvæmdastjóri Sterkara Íslands

Fyrir síðustu alþingiskosningar voru Samfylking, Framsóknarflokkur og Borgarahreyfingin með á stefnuskrá sinni að hefja samningaviðræður við Evrópusambandið og leyfa þjóðinni að kjósa um aðildarsamninginn. Frá því að meirihluti þingmanna kaus að hefja samningaviðræður hefur lítill tími farið í málefnalega umræðu um kosti og galla aðildar. Í vetur hafa andstæðingar sambandsins eytt mestu púðri í að tala um aðlögun Íslands að sambandinu, tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu eða hvort draga eigi umsóknina til baka. Nýlegar skoðanakannanir sýna að tveir þriðju hluti þjóðarinnar vill fá að kjósa um aðild að loknum samningaviðræðum. Á hinn bóginn er ríflega helmingur kjósenda á móti inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Á þessum tímapunkti má segja að þetta endurspegli skynsama afstöðu kjósenda enda er ekki búið að semja og efnisleg umræða um samninginn hefur ekki átt sér stað.

Sjálfsmynd Íslendinga er evrópsk og almennt skipum við okkur á bekk með öðrum Evrópuþjóðum. Aðild Íslands að Evrópusambandinu snýst fyrst og fremst um pólitíska framtíðarsýn. Ísland er eina ríkið á Norðurlöndunum sem ekki hefur haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort taka eigi virkan þátt í Evrópusamstarfinu. Frá árinu 1994 hefur Ísland verið tæknilega aukaaðili að sambandinu í gegnum EES-samninginn. Það þýðir að við tökum upp stóran hluta regluverksins, án þess að sitja við borðið þar sem ákvarðanirnar eru teknar.

Nú er tími til kominn að umræðan fari að snúast um þau málefni sem mestu máli skipta. Þau veigamestu eru sjávarútvegs-, neytenda-, landbúnaðar-, byggða- og gjaldeyrismál, einnig þarf að eiga sér stað umræða um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og fullveldið á tímum hnattvæðingar.

Mikilvægt er að við förum að tala um þær umbætur á íslensku samfélagi sem þurfa að eiga sér stað alveg óháð því hvort að við göngum í sambandið eða ekki. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var mikið fjallað um nauðsyn þess að efla stjórnkerfið á Íslandi. Einhendum okkur í þær umbætur sem eru nauðsynlegar og látum aðrar bíða, þar til að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggur fyrir.

Kjósendur eiga rétt á því að fá að sjá aðildarsamning við ESB, meta kosti hans og galla og greiða um hann atkvæði. Hefjum málefnalega umræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Ísland á tímamótum og á réttri leið!

Efnahagsmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra



Við áramótin 2010–2011 er Ísland á tímamótum í margvíslegum skilningi. Fjárlögin fyrir árið 2011 marka þáttaskil í glímunni við ríkisfjármálin og framvindu þeirrar áætlunar sem unnið er eftir til að gera hin opinberu fjármál sem fyrst sjálfbær á nýjan leik. Á því sviði hefur óumdeilanlega náðst mikill árangur, útkoman bæði árin 2009 og 2010 er betri en áætlanir og fjárlög gerðu ráð fyrir og með fjárlögum ársins 2011 næst sá árangur sem að var stefnt að frumjöfnuður á rekstrargrunni verður jákvæður svo nemur nálægt 1% af þjóðarframleiðslu. Neikvæður heildarjöfnuður upp á um eða innan við 2,5% verður sömuleiðis með því betra sem stefnt er að meðal OECD-ríkja, sem mörg hver glíma við erfiðleika í efnahags- og ríkisfjármálum. Þetta skipar Íslandi á bekk með aðeins u.þ.b. 8 OECD-löndum sem stefna að jákvæðum frumjöfnuði samkvæmt fjárlögum sínum á árinu. Fjárlögin 2011 og fyrri ráðstafanir ríkisstjórnarinnar innihalda vissulega erfiðar aðgerðir, en þó er óumdeilt að þær hafa verið útfærðar á þann hátt að reynt er að verja hið norræna velferðarsamfélag eins og kostur er og hlífa hinum tekjulægri. Ísland hefur farið sína eigin leið en engu að síður náð þeim árangri sem að var stefnt. Það er skoðun undirritaðs að ábyrg og sjálfbær opinber fjármál eigi að vera kjarninn í stefnu allra félagslega þenkjandi stjórnvalda. Án sjálfbærra opinberra fjármála verður velferðin ekki tryggð til frambúðar.

Sá árangur sem náðst hefur við að innleiða efnahagslegan stöðugleika skapar mikilvægar forsendur fyrir áframhaldandi endurreisn og uppbyggingu Íslands í kjölfar fjármálaáfallsins sem hér varð í október 2008. Verðbólga er nú komin inn fyrir viðmiðunarmörk Seðlabanka Íslands (2,5%), vextir hafa lækkað skarpt og eru nú komnir á viðunandi ról, gengi krónunnar hefur styrkst um ein 12% á síðasta ári og helst stöðugt, atvinnuleysi er minna en spáð var og skuldir ríkissjóðs hafa náð hámarki og stöðvast við mun lægra hlutfall landsframleiðslu en áður var talið (heildarskuldir um 84% en hreinar skuldir um 43%, án Icesave).

> Þegar staða Íslands nú er metin er hún á flestan hátt betri en menn gátu gert sér vonir um fyrir tveimur árum.

Að baki er árangursrík IV. endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og með stuðningi hinna Norðurlandríkjanna fjögurra, Póllands og Færeyja. Þessi endurskoðun markar einnig tímamót og með henni opnast aðgangur að síðasta hluta gjaldeyrislána sem Ísland getur nú tekið eftir þörfum til að byggja áfram upp gjaldeyrisvaraforða og búa í haginn fyrir framtíðina. Að áfallalausu lýkur samstarfinu við AGS síðsumars (í ágúst). Að frátöldum þeim töfum sem urðu á framkvæmd efnahagsáætlunarinnar af utanaðkomandi orsökum eru allar forsendur til að áætlunin verði talin dæmi um vel heppnaða aðgerð. Ísland hefur lagað áætlunina að sínum aðstæðum og pólitísku áherslum og AGS getur notað árangurinn sem skrautfjöður í hattinn og til að bæta sinn orðstír.

Þegar staða Íslands nú er metin er hún á flestan hátt betri en menn gátu gert sér vonir um fyrir tveimur árum. Áhættuálagið á Ísland hefur lækkað jafnt og þétt og við erum löngu horfin af lista yfir þær þjóðir sem mest hætta er á að ekki ráði við skuldbindingar sínar. Landið er ekki lengur nefnt í því sambandi. Áframhaldandi og jákvæð þróun næstu mánuði gerir raunhæft að ætla að Íslandi opnist almennt aðgangur að alþjóðlegum fjármálamörkuðum innan skamms. Viðsnúningur er orðinn í hagkerfinu og hagvöxtur hafinn en óvissan um hve kraftmikill hann verður er að nokkru bundin því hvernig tekst að örva fjárfestingar á komandi mánuðum og misserum. Í þeim efnum eru horfur þó batnandi, útlit er fyrir mikinn vöxt í ferðaþjónustu, ýmsum tækni- og þekkingargreinum og hinum skapandi geira. Almennt er útflutnings- og samkeppnisstarfsemin kraftmikil, eins og sést á metafgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum. Góðar horfur eru á að á næstu vikum og mánuðum verði teknar endanlegar ákvarðanir um nokkur lítil og meðalstór fjárfestingarverkefni sem breikka grundvöll atvinnulífsins og auka fjölbreytni, einkum á sviði grænnar orkunýtingar.

Ísland er á réttri leið þótt vissulega bíði stjórnvalda að glíma áfram við mörg krefjandi verkefni.

AF NETINU

Ferlegt klúður

Auðvitað er þetta ferlegt klúður.
Það ber samt að hafa eftirfarandi í huga:
Hæstiréttur dæmdi ekki stjórnlagaþingið ógilt á nokkurn hátt.
Hæstiréttur amaðist ekkert við lögunum sem sett höfðu verið um stjórnlagaþing.
Það var því algjörlega rangt hjá Ólöfu Nordal þegar hún trommaði upp í pontu á þingi og sagði að Hæstiréttur hefði sýnt fram á að lögin sjálf um stjórnlagaþingið væru svo broguð að engu tali tæki.
Það er algjörlega rangt.
Hæstiréttur dæmdi kosninguna ógilda, vegna þess að hún var ekki í samræmi við lög um Alþingiskosningar.
Og það er dálítið annað.
[...]
Í öðru lagi er svo líka mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir þessa annmarka, þá kvartaði enginn á kjördag.
Ekkert svindl var í gangi, enginn var að njósna (eins og í þá góðu gömlu daga íhaldsins), enginn beið tjón af.
Skafti Harðarson hefði ekki fengið fleiri atkvæði þó hann hefði fengið að brjóta saman kjörseðilinn sinn, held ég.

dv.is/blogg/tresmidja

Illugi Jökulsson







Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Sjóðheit tilboð!



frá 2590

OLÍUMÁLVERK
60x60 cm
80x80 cm, kr 3990



2790

PÚÐI ÚR LAMBAGÆRU
40x40 cm



6990

LAMBAGÆRA
100x60 cm, tveir litir



Verð pr stk

frá 1990

FÖÐURLAND ÚR MERINOULL
Barna, 4-12 ára
Dömu/herra, st XS-XL, kr 2990



frá 159

BOLLAR, DISKAR OG SKÁLAR
Bolli, 9,5x8,7 cm, kr 159
Skál, ummál: 9 cm, kr 159
Skál, ummál: 13 cm, kr 299
Diskar, 20 cm, kr 359



2490

RAFTÆKI
Í eldhús
Verð pr stk





399

HITABOLLI



399

FARANGURS-TEYGJUR



4590

SKÓHILLA
67x30,5x34 cm
Málmur



399

VERKFÆRAKASSI
Barna



2 saman

12.990

ELDHÚSSTÓLAR

Opið alla virka daga til kl. 19:00
og til kl. 18:00 um helgar





1590

BIOTEX, 5 KG
Þvottaefni fyrir
hvítan og litaðan
þvott

799

ÞVOTTAEFNI
Multi Color
5 kg





1990

SUN ÞVOTTAEFNI FYRIR UPPÞVOTTAVÉLAR
105 töflur



199

STÁLSKRÚBBAR
2 í pk



199

ILMÚÐI
Fleiri gerðir



199

POTTASVAMPAR
4 í pk



499

KLÓR / GRÆNSÁPA
Verð pr stk



frá 599

TANNKREM, 3 Í PK
Colgate / Aquafresh



399

GLISS
Sjampó / hárnæring



990

BLAUTKLÚTAR, 4 PK SAMAN
Natusan, án ilmefna
4x64 stk



249

SALERNISRÚLLUR
8 rúllur í pk



249

ELDHÚSRÚLLUR
3 rúllur í pk
2ja laga



15.990

HILLA MEÐ FJÓRUM SKÚFFUM
74x36x73 cm, svört
Með þremur körfum,
40x35x87 cm, kr 9990



16.990

BEKKUR MEÐ ÞREMUR SKÚFFUM
L: 110 cm
Með sessu



499

RÚÐUVÖKVI
4 ltr
12°C

tímamót

timamot@frettabladid.is



48 FÓTBOLTAÞJÁLFARINN JOSÉ MOURINHO er 48 ára í dag

„Ég hef unun af vinnunni minni. Ég nýt hverrar einustu mínútu í starfi.“

Merkisatburðir

1788 Fyrsta nýlenda Evrópumanna í Ástralíu er stofnuð, fanganýlendan hlaut síðar nafnið Sydney.

1866 Ísafjörður fær kaupstaðarréttindi. Þá bjuggu þar 220 manns.

1953 Neytendasamtökin eru stofnuð.

1965 Hindí er gert að opinberu tungumáli Indlands.

1970 Handknattleiksfélag Kópavogs er stofnað.

1970 Simon and Garfunkel senda frá sér lagið Bridge Over Troubled Water.

2009 Geir Haarde slítur stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna.



Skráðu þig í lífshlaupið!

Lífshlaupið fer nú enn af stað og allir hvattir til að vera með. Á morgun hefst skráningaleikur Rásar 2 og ÍSÍ í Lífshlaupið. Á hverjum virkum degi, í viku áður en keppni hefst og allan tímann meðan á keppni stendur, verður dreginn út einn bekkur og eitt lið í þættinum Virkir morgnar á Rás 2, en í vinning er glæsileg ávaxtakarfa frá hollustufyrirtækinu Ávaxtabílnum. Einungis þarf að skrá til leiks í vinnustaðakeppnina eða hvatningarleik grunnskólanna til að komast í pottinn.

ÞETTA GERÐIST 26. JANÚAR ÁRIÐ 1906

Verkamannafélagið Dagsbrún stofnað



Þennan dag árið 1906 var verkamannafélagið Dagsbrún stofnað. Að því var nokkurra ára aðdragandi sem má rekja til stofnunar fyrsta verkamannafélagsins á Íslandi á Seyðisfirði árið 1897.

Næstu ár var hugað að stofnun verkamannafélaga víðar um land og komst skriður á málin í Reykjavík síðla árs árið 1905 þegar hópur manna hittist til að leggja drög að stofnun félags. Á nýársdag árið 1906 hófst svo útgáfa Alþýðublaðsins (eldra), fyrsta verkamannablaðsins á Íslandi, og stóð útgáfa þess í á annað ár. Þegar kom að stofnfundi Dagsbrúnar, höfðu hátt í 400 menn undirritað stofnskrá félagsins. Sigurður Sigurðsson búfræðingur var kjörinn fyrsti formaður félagsins. Á fundinum voru jafnframt gerðar samþykktir um kaupgjald og vinnutíma. Var þar miðað við að venjulegur dagvinnutími teldist ellefu klukkustundir í stað tólf klukkustunda áður. Síðar sama ár varð Dagsbrún eitt af stofnfélögum Verkamannasambands Íslands, sem stofnað var í Reykjavík 15. nóvember.

FORVARNAVIKA VEGNA LEGHÁLSKRABBAMEINS: STENDUR NÚ YFIR

Óvenjumargar greindust í fyrra

Forvarnavika á vegum Evrópusamtakanna ECCA, sem berjast fyrir því að allar konur í Evrópu eigi kost á að nýta sér allar þær greiningaraðferðir sem eru þekktar til að koma í veg fyrir leghálskrabbamein, stendur yfir. Krabbameinsfélag Íslands er aðili að samtökunum og var yfirlæknirinn Kristján Sigurðsson tekinn tali.

„Við teljum sjálfsagt að hafa aðgang að leghálskrabbameinsleit hér á landi en sú er hins vegar ekki alltaf raunin og er tíðni sjúkdómsins því æði misjöfn á milli Evrópulanda. Tíðnin er tiltölulega lág hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum en þó greindust óvenjumargar konur með leghálskrabbamein í fyrra.“ Á hverju ári greinast um 12-14 konur með leghálskrabbamein á Íslandi en í fyrra voru þær tuttugu. „Það koma alltaf toppar inn á milli en við sjáum þó ástæðu til að taka þetta alvarlega. Þegar konur greinast með leghálskrabbamein er ávallt farið yfir leitarsögu þeirra og kom í ljós að átján af þessum tuttugu konum höfðu ekki mætt í reglubundna skoðun eða verklagi ekki verið fylgt sem skyldi,“ upplýsir Kristján, en samkvæmt tölum frá því í árslok 2008 þá höfðu um átta prósent kvenna á aldrinum 25-69 ára aldrei farið í leghálskrabbameinsleit, auk þess sem um þriðjungur kvenna mætir afar óreglulega til leitar.

ECCA-samtökin berjast fyrir því að allar konur hafi jafnan aðgang að leghálskrabbameinsleit, að teknar verði upp bólusetningar gegn leghálskrabbameini og því að menn hafi aðgang að HPV-greiningarprófum sem geta aukið öryggi hjá þeim konum sem mæta til leitar. „Prófin greina HPV-veirur sem eru forsenda þess að konur geti þróað leghálskrabbamein. Þær eru yfir hundrað talsins. Fjörutíu finnast á kynfærum og eru fimmtán til sautján þeirra tengdar krabbameini.“

Kristján hefur lengi barist fyrir því að fá aðgang að greiningarprófum enda myndi það bæta leitarþjónustuna. „Þá væri hægt að greina þær konur frá sem væru með illkynja stofna og fylgja þeim betur eftir.“ Fjárveiting fyrir prófunum hefur hins vegar ekki fengist. Kristján segir forstigsbreytingar sem finnast við leghálskrabbameinsleit hafa aukist marktækt frá árinu 1980 samfara því að kynlífsaldur hefur lækkað og fjöldi rekkjunauta aukist, en það eru þekktir áhættuþættir. Ráðgert er að hefja bólusetningar seinna á árinu en Kristján er hræddur um að þær fjárveitingar sem hafa verið veittar dugi skammt meðal annars sökum gengishruns. Hann leggur líka áherslu á að bóluefnið sé ekki endanleg lausn. Rannsóknir sýna að það dugar til að útrýma um sextíu og í mesta lagi sjötíu prósentum leghálskrabbameina. Eftir standa 30-40 prósent og er því varasamt að telja sig óhulta eftir bólusetningu.“

Krabbameinsfélagið mælist til þess að konur mæti til leitar á tveggja ára fresti. „Efniviðurinn okkar gefur til kynna að þróunin geti verið örari en áður var talið og getur kona sem hefur haft eðlilegt frumustrok verið með byrjandi leghálskrabbamein að þremur árum liðnum. Því hvetjum við allar konur undir fertugu til að mæta til leitar en eftir því sem frumustrokin eru fleiri og eðlilegri er hægt að hafa lengra bil á milli. Ef konur skipta hins vegar um maka eða rekkjunauta er ástæða til að hafa varann á enda skapast við það ákveðin hætta.“ Kristján bendir einnig á að veirurnar séu ekki alltaf bundnar við leghals og eru dæmi um að þær valdi krabbameini í endaþarmi, leggöngum, skapabörmum, hálsi og berkjum.

vera@frettabladid.is

LEIT OG ÖNNUR ÚRRÆÐI
ECCA-samtökin sem standa fyrir forvarnavikunni berjast meðal annars fyrir því að teknar verði upp bólusetningar og að menn hafi aðgang að HPV-greiningarprófum.





†

Ástkær maður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

Helgi Garðarsson

Bakkastíg 1, Eskifirði,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað að morgni fimmtudagsins 20. janúar. Verður jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 29. janúar kl. 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Jóna Herdís Hallbjörnsdóttir
Jens Garðar Helgason
Sturla Már Helgason
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Sveinbjörg Gunnarsdóttir
og aðrir aðstandendur.



†

Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, bróðir og tengdasonur

Sigurjón Brink

tónlistarmaður,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en athygli er vakin á Áfram – Hvatningarsjóði barna Sigurjóns Brink, sem hefur það markmið að hvetja og styðja börnin hans í framtíðinni. Reikningsnúmer sjóðsins er 0546-14-401730 og kennitala 251278-4909.

Þórunn Erna Clausen
Róbert Hrafn Brink
Haukur Örn Brink
Kristín María Brink
Aron Brink
Bjarney Sigríður Sigurjónsdóttir **Filippus Gunnar Árnason**
Róbert Magnús Brink **Þóranna Bjarnadóttir**
Árni Filippusson
Nína Dögg Filippusdóttir
Róbert Aron Brink
Rannveig Hrönn Brink
Magnús Þór Brink
Elín Hrefna Thorarensen



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Þorvarður Guðjónsson

fv. frkvstj. frá Hesti í Önundarfirði,
Fannborg 8, Kópavogi,

andaðist þann 24. janúar 2011. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 31. janúar kl. 15.00

Marta Bíbí Guðmundsdóttir
Ásgeir H. Þorvarðarson **Sólveig Hrafnsdóttir**
Sveinfríður G. Þorvarðardóttir **Herluf M. Melsen**
R. Svanhvít Þorvarðardóttir **Arnar Ingólfsson**
Hjördís Erlingsdóttir
Jóhanna Erlingsdóttir **Sigurður Hjálmarsson**
Geirný Ósk Geirsdóttir **Erik Stöhle**
barnabörn og langafabörn.



†

Hjartkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar

Vigdís Theodóra Bergsdóttir (Dósý)

Bjarnastöðum, Vatnsdal,

verður jarðsungin frá Þingeyrakirkju laugardaginn 29. janúar kl. 14.00.

Ellert Pálmason
Pálína Bergey Lýðsdóttir **Bjarni Kristinsson**
Hekla Birgisdóttir
Pálmi Ellertsson
Oddný Rún Ellertsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra



Parx Super Car Show er árlegur viðburður sem fer fram í borginni Mumbai á Indlandi, en þar sýna og safnast saman áhugamenn um ökutæki. Þetta „mótorhjól" er meðal þess sem er til sýnis, en það gengur undir heitinu Campagna T-Rex Aero 3S og er þriggja hjóla.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905



12 kg
Þvottavél og þurrkari

· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex

ÚTSÖLULOK
Á MORGUN FIMMTUDAG
40 - 70 %
AFSLÁTTUR

2 FYRIR 1 AF VÖLDUM PEYSUM, SKYRTUM,BUXUM, PILSUM JÖKKUM OG KJÓLUM,



Opnunartími:
mánud. - fimmtud. kl. 11:00 - 18:00 laugard. LOKAÐ

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Mismunandi menning þjóða og stétta er rannsóknarefni Helgu Marínar Bergsteinsdóttur í Dubai.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á 101 stefnumót með jafnmörgum mönnum

Í byrjun fannst mér allir karlmenn í Dubai hugsa bara um eitt en þegar ég sjálf breytti mínum hugsunarhætti og fór að leita að því besta í hverjum manni þá gerbreyttist þeirra viðmót. Nú hef ég gert stefnumót við þá að ævintýraleiðangri. Hið sama gildir um lífið sjálft. Eigin hugur skiptir mestu máli um það hvernig okkur líður," segir Helga Marín Bergsteinsdóttir, heilsu- og íþróttafræðingur, sem hefur búið í Dubai í ellefu ár.

Ólík menning er eitt af því sem Helga Marín hefur áhuga á. Hún hefur einsett sér að fara á 101 stefnumót á einu ári með jafnmörgum mönnum frá mismunandi menningarheimum og þjóðfélagsstéttum og gefa síðan út bók um þá upplifun.

;Á FERÐINNI | 3



Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands fyrir árið 2011 liggur nú fyrir. Margra nýjunga gætir og meðal annars er meira en helmingur helgarferða um slóðir sem ekki hafa verið farnar áður. Má þar nefna ferð umhverfis Kerlingarfjöll sem hefur fengið nafnið Hringbrautin. Sjá www.fi.is.



Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki





Zagreb höfuðborg Króatíu er ægi fögur borg í Mið-Evrópu sem rekur upphaf sitt til ársins 1094.

Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar óteljandi mörgu fallegu byggingar sem prýða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.

Þá eru í boði spennandi skoðunarferðir innan sem utan borgarinnar.

Verð aðeins **89.900** kr.
miðað við tvo í herbergi

Innifalið. Flug, skattar, 4ra stjörnu hótel með morgunverð, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is



Davíð telur líklegt að hagstætt verðlag eigi þátt í vinsældum Taílands. Kaupmannahöfn sé einnig sívinsæll áfangastaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaupmannahöfn skákar Bangkok

Starfsmenn flugleitarvélarinnar Dohop birta ferðavísa í hverjum mánuði sem gefa vísbendingar um ferðahegðun Íslendinga. Taíland hefur lengi verið efst á blaði en nú trónir Kaupmannahöfn á toppnum.

Á vef íslensku flugleitarinnar Dohop leita þúsundir manna að flugi á hverjum degi. Í gögnum Dohop er að finna áhugaverðar staðreyndir um ferðahegðun Íslendinga sem heimsækja vefinn og birtir fyrirtækið ferðavísa tíunda hvers mánaðar með tíu vinsælustu áfangastöðunum. „Kaupmannahöfn komst í toppsætið í desember en Bangkok hafði vermt það sæti allt frá því í sumar. Engu að síður er augljóst að aukinn áhugi er á ferðum til Taílands og féll Bangkok einungis niður um tvö sæti. Aðrar borgir sem lenda ofarlega á lista eru London, Orlando, Ósló og New York sem kemur kannski ekki á óvart," segir Davíð Gunnarsson, sölu- og markaðsstjóri Dohop, og bendir á að sólin virðist auk þess heilla sem fyrr og eru strandbæir eins og Alicante og Las Palmas ofarlega á lista.

Flugvísir Dohop í desember 2010

Kaupmannahöfn	Alicante
London	Belgrad
Bangkok	Ósló
New York	Las Palmas
Orlando	Amsterdam

Dohop er íslenskt fyrirtæki sem rekur ferðaleitarvélina Dohop.is. Þar er hægt að finna flug, hótelgistingu og bílaleigubíla. „Sérstaða Dohop felst í því að leitin tengir saman flugleiðir sem eru annars ótengdar og sýnir ódýrar tengingar sem annars væri erfitt að finna," segir Davíð. Hann segir flugleitarvélina, sem var stofnuð árið 2004, bera saman meira en 600 flugfélög og tugi ferðaskrifstofa á netinu.

„Dohop er dæmigerð flugleitarvél og virkar eins og Google," útskýrir Davíð. „Hún finnur ódýr flug og vísar svo á aðra vefi þar sem hægt er að bóka. Hún er frábrugðin stórum vefjum eins og Expedia, ef við tökum hann sem dæmi, en hann nær aðeins til takmarkaðs fjölda flugfélaga og hótela. Við leitum hins vegar hjá eins mörgum flugfélögum og við getum. Við höfum enga hagsmuni af því að sýna eitt flugfélag fram yfir annað, heldur sýnum öll flugfélög óháð því hvort þau borga okkur þóknun fyrir að vísa gestum til þeirra eða ekki. Við getum fundið tengingar á milli hefðbundinna flugfélaga eins og Lufthansa, British Airways og KLM við lággjaldafélög eins og EasyJet, Ryanair og Iceland Express en þannig er oft hægt að finna ódýrari leið en ella."

Davíð segir Dohop aðallega þekkt sem flugleitarvél en að á vefnum séu auk þess öflugar hótel- og bílaleitarvélar. „Við gerðum nýverið samning við ástralska fyrirtækið Hotels Combined um rekstur hótelleitar á vef Dohop. Hotels Combined hefur um árabil verið leiðandi í þróun samanburðarleitarvélar fyrir hótel á vefnum en hún er sambærileg flugleit Dohop. Við höfum látið þýða hótelleitarvélina á íslensku og sýnir hún verð frá þrjátíu söluaðilum um allan heim. Þar á meðal eru Hotels.com, Expedia, Booking.com og HRS. Hinn síðastnefndi er samstarfsaðili Icelandair þegar kemur að hótelbókunum en þar sem leitarvél Dohop ber verð HRS saman við 29 aðra söluaðila má áætla að við séum að bjóða hagstæðasta verðið hverju sinni." *vera@frettabladid.is*

PRÓTÍNBOMBUR!
HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT



BÓNUS
Fæst í Bónus

Samkvæmt skýrslu Matís er harðfiskur hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

Toyota selur mest

TOYOTA, GENERAL MOTORS OG VOLKSWAGEN ERU ÞEIR BÍLAFRAMLEIÐENDUR SEM SELDU FLESTA BÍLA Á SÍÐASTA ÁRI.

Toyota er umsvifamesti bílaframleiðandi í heimi. Eins og fram kemur í frétt á vef FÍB seldi fyrirtækið 8,42 milljónir bíla árið 2010, að meðtöldum undirtegundunum Lexus, Hino og Daihatsu. General Motors seldi 8,39 milljónir bíla sama ár en hafði verið umsvifamesti bílaframleiðandi í heimi samfleytt í 76 ár þegar Toyota tók forystuna árið 2008.

Bílaframleiðandinn Volkswagen hefur lýst því yfir að fyrirtækið stefni á að verða umsvifamesti bílaframleiðandi heims árið 2018 og jók hlutdeild sína á heimsmarkaðinum um 14 prósent árið 2010 og seldi 7,14 milljónir bíla. *- rat*



Toyota er umsvifamesti bílaframleiðandi heims í dag, þriðja árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu

Henni gengur vel með verkefnið því þegar á hún 30 stefnumót að baki síðan í október 2010.

„Bakgrunnur og uppeldi hefur mikið um það að segja hvernig fólk upplifir og túlkar umhverfi sitt. Það litar alla þess hegðun, hvort sem það er í stefnumótasamhengi eða öðru," segir Helga Marín. „Það kemur margt skemmtilegt fram á stefnumóti við Indverja, Afgana, Pakistana, mann frá Abu Dhabi eða Jemena. Ég hef fundið meiri samleið með sumum þjóðum en öðrum, til dæmis þeim sem koma frá Suður-Afríku, Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Ameríku, Pakistan og Palestínu.


Mér veitist líka auðvelt að skilja fólk frá arabalöndunum en ástæða þess er kannski sú að ég hef búið með tveimur aröbum og dvalið í arabalandi í svo mörg ár. Það hefur gefið mér nóg innsæi til að skilja og virða þeirra menningu."

Helga Marín rekur fyrirtækið Health, Mind and Body í Dubai og heldur námskeið sem stuðla að bættri heilsu og líðan, meðal annars með sjálfseflingu og aðhaldi. Einnig kennir hún næringarfræði og markþjálfun. Hún er komin hingað til lands til að vera með fyrirlestra og námskeið næstu vikurnar. Þar leggur hún áherslu á að veita fólki innblástur til að virkja kraft hugans og stuðla með því að auknum tilfinningaþroska og hamingjuríku lífi. „Ég vil kveikja í fólki þrá og hvöt til að ná hámarksárangri í því sem það tekur sér fyrir hendur, hvort sem það er á sviði heilsu, fjölskyldulífs eða atvinnu," lýsir hún. „Markmiðið er að hjálpa fólki að finna það besta í sjálfu sér og öðrum og láta ljós sitt skína."

Heilsa og hamingja og Streitulaust líf eru nöfn á námskeiðum sem Helga er með. Lifðu lífinu lifandi er styttri fyrirlestur. Einn slíkan hamingjufyrirlestur verður hún með í Heilsuborg hinn 8. mars og er frítt inn á hann.

Helga er með heimasíðuna http://healthmindbody.net/index.php og netfang hennar er helga@healthmindbody.net

gun@frettabladid.is





Helga Marín við stærstu mosku heims sem er í Abu Dhabi, skammt frá Dubai.

Allar útsölu vörur
50%
afsláttur
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Elvis
er enn
í byggingunni
Fyrirtæki - Félagasamtök - Hópar



Bókið tímanlega

Ódauðlegur dúett !

Binni kokkur hefur á síðustu misserum kynnt sér í þaula allt það sem kóngurinn hafði dálæti á í mat, og sett það saman í glæsilegt veislu-hlaðborð. Hér er á ferðinni algjör nýjung og um leið ákveðin kúvending þegar kemur að borðhaldi stærri hópa, svo sem fyrirtækja eða félagasamtaka.

12 eftirlætisréttir Presley

Fools Gold Loaf
Brauðhleifur fylltur með beikoni , hnetusmjöri og grapesultu.
Southern Fried Chicken
Kjúlingalundir hjúpaðar hvítlauk, parmasan og brauðmylsnu.
Peanut And Banana Sandwich
Smjörsteikt samloka fyllt með hnetusmjöri og maukuðum banana.
Savory Meat Loaf
Kjöthleifur hjúpaður chilli sósu.
Baked Apple And Sweet Potato Pudding
Epli og sætar kartöflur. Bakað í smjöri með vanillu og kanil.
BBQ Spare Rib And Chiken Wings
Grilluð svínarif og kjúklinga vængir í hunangs BBQ.
Sweet Potato Casseroles
Ofnbakað kartöflu-mauk með púðursykri og pecanthnetum.
Baked Glazed Ham
Reyktur grísavöðði bakaður í maple sírópi og pepsicola.
Brined Turkey Breast
Kryddlegin kalkúna bringa. Bökuð í smjöri og creole kryddi.
Honey -Lemon Leg of Lamb
Hvítlauksstungið lambalæri. Marinerað í hunangi og sítrónusafa, heilsteikt og lungamjúkt.
Pound Cake
Ljós og þétt með safaríku vanillu bragði.
The Ultimate Chocolate Cake
Hin fullkomna súkkulaðikaka með þeyttum rjóma og berjum.

Fyrsta flokks aðstaða

Í náinni samvinnu við Amokka í Hlíðarsmára 3 hefur verið sett upp skemmtileg umgjörð þar sem Elvis er í aðalhlutverki. Fullbúinn glæsilegur 400 fermetra veislusalur sem tekur á þriðja hundrað manns í sæti með allri þjónustu mun mæta ykkur. Kóngurinn sjálfur verður svo á risaskjá og sér um músikina meðan á borðhaldi stendur.

Hlaðborð að hætti kóngsins
Verð aðeins krónur 5.900.-



Binni VEISLUÞJÓNUSTA
www.binnikokkur.is
Sími 894 9639

AMOKKA
Borgartúni 21A • Sími 517 1470
Hlíðasmára • 3 • 517 1477
amokka@amokka.is
www.amokka.is

Hafið samband í síma 894 9639 eða 690 2160 og við leiðum ykkur í allan sannleikann www.binnikokkur.is / www.amokka.is

Ferming 2011
Glæsilegt úrval af fermingakjólum




Kjól kr. 14.990 ►
◄Kjóll kr. 14.990
Leggings kr. 3.990
Ermar kr. 4.990

COSMO
Kringlunni

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
visir.is

Íslandsmótið í krullu 2011 fer fram í Skautahöllinni á Akureyri í janúar, febrúar og mars. Áætlað er að keppni hefjist mánudagskvöldið 31. janúar og leikið sé á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Tekið er við skráningum í síðasta lagi í kvöld. Sjá www.sasport.is.





Ein stór pissukeppni

Sala á nýjum vélsleðum hefur ekki verið jafn mikil á Íslandi undanfarin ár segja söluaðilar. Menn veigra sér ekki við að greiða háar fjárhæðir fyrir og dæmi eru um að sérbreyttir vélsleðar fari á fimm milljónir.

„Óhætt er að segja að árið fari mjög vel af stað. Við tókum inn stóra pöntun af vélsleðum og hún er öll farin, þrátt fyrir snjóleysi," segir Karl Helgi Jónsson, sölumaður ferðatækja hjá Ellingsen þar sem sala á nýjum vélsleðum hefur ekki verið meiri síðan árið 2007.

Ellingsen hefur selt þrjátíu nýja vélsleða það sem af er ári og er það meira en samanlagður fjöldi nýrra seldra vélsleða þar hin síðustu tvö ár. Í fyrra seldust fjórir nýir sleðar hjá Ellingsen og svipaður fjöldi árið áður. Eftirspurn var þá meiri eftir notuðum vélsleðum en er minni í ár að sögn Karls Helga. Aðrir söluaðilar hafa svipaða sögu að segja.

„Við fluttum inn þrjá gáma af sleðum sem voru flestir teknir frá í fyrra og þeir eru hér um bil uppseldir. Eigum enn eitthvað eftir af styttri sleðum," segir Ásdís Skúladóttir, framkvæmdastjóri Storms ehf. sem er með umboð fyrir Polaris á Íslandi, og bætir við að salan í ár á nýjum tækjum hafi farið langt fram úr væntingum.

Mest hefur selst af fjallavélsleðum á árinu að sögn söluaðila. Óbreyttir geta þeir verið allt að 170 hestafla og kosta tvær til þrjár milljónir króna út úr búð. Sú upphæð er þó lítil í samanburði við þær fjárhæðir sem einkaaðilar vilja borga fyrir sérbreytta vélsleða að utan. Alexander Kárason, eða Lexi hjá Lexi.is, þekkir dæmi þess að menn borgi allt að fimm milljónir króna fyrir slík tæki.

„Þeir eru 300 hestöfl plús, stilltir fyrir hæð og þyngd ökumanns og kúplingar uppsettar fyrir okkar fjallahæð. Ein mesta græjan er dýrari, sérsmíðuð spyrnugræja frá Bandaríkjunum, 700 hestöfl og kraftmeiri en almennt þekkist. Getur náð 231 kílómetra hraða á 3,7 sekúndum sem er hrikaleg hröðun. Aflmiklir bílar eru fjórar til fimm sekúndur í hundraðið."



Sala á nýjum vélsleðum fer vel af stað á nýju ári að sögn söluaðila hérlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Alexander segir aldrei hafa verið flutt inn jafn mikið af sérbreyttum vélsleðum til landsins og nú. „Menn vilja að tækin uppfylli allar þeirra þarfir. Þetta er að verða ein stór og skemmtileg pissukeppni," segir hann en getur þess að fleiri ástæður liggi að baki. „Í kreppunni brenndu sumir sig á kaupum á ódýrum eða notuðum sleðum. Þeir eru því til í að borga meira fyrir vandaða og endingargóða vöru, þegar þeir geta fengið aðstoð hjá þeim sem smíða þá."

Söluaðilar eru þó sammála um að eftirspurn eftir nýjum vélsleðum hérlendis megi helst rekja til hagstæðara gengis. „Menn fá sleða sem þeir pöntuðu í fyrra á allt að 200.000 króna lægra verði í ár," segir Karl Helgi hjá Ellingsen. „Salan hefur líka aukist erlendis sem er gott en ókosturinn er sá að nú gengur illa að fá nýja sleða til landsins. Birgjarnir anna ekki eftirspurn og við höfum þurft að setja menn á biðlista." *roald@frettabladid.is*







Þorpið við Scoresbysund nefnist Ittoqqortoormiit á máli ínúíta. Þar búa nú um 470 manns. MYND/NORDICPHOTO/GETTYIMAGES

Sigling um norðurhöfin

Fræðslu- og skemmtiferð á farþegaskipi sem sérhannað er til heimskautasiglinga er fyrirhuguð frá Akureyri til austurstrandar Grænlands í september, á vegum Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar.

„Þetta er níu daga náttúru- og menningarskoðunarferð í sílesku farþegaskipi sem er hannað fyrir heimskautasiglingar. Um borð er stór veitingasalur, bar, fyrirlestrasalir, líkamsræktaraðstaða og setustofa og allir klefar eru með glugga og baðherbergi.“ Þannig lýsir Emil Örn Kristjánsson, hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, Grænlandsferð á vegum fyrirtækisins í september og farkostinum sem notaður verður. Siglt verður frá Akureyri 7. september áleiðis norður í Scoresbysundsfjörð, sem mun vera stærsti fjörður heims. Emil segir árstímann henta vel því ísa leysi í júní/júlí en firðina leggi aftur í október/nóvember.

Skipið tekur bara 80 farþega. „Um borð eru reyndir leiðsögumenn og haldnir verða reglulega fyrirlestrar á ensku,“ segir Emil, sem gerir ráð fyrir fólki alls staðar að úr heiminum í þessa siglingu. Hann vill gjarnan að landinn noti hana líka og segir fyrirtækið bjóða upp á akstur milli Reykjavíkur og Akureyrar sem innifalinn sé í fargjaldinu og auðvitað geti fólk bæst í rútuna hvar sem er á leiðinni.

Búið verður um borð í skipinu eftir að siglt er úr höfn en víða farið í land á gúmmíbátum á norðaustur-strönd Grænlands. „Við sjáum sauðnaut og læmingja, náhvali og seli og vonandi rostunga og ísbirni. Það kemur í ljós. Auk þess verða skoðaðar minjar um forna búsetu Inuíta en svæðið fór í eyði um langa hríð,“ lýsir Emil, sem segist svo frá: „Milli 1920 og 1930 gerðu Norðmenn tilkall til Norðaustur-Grænlands á þeim grunni að Danir hefðu enga starfsemi þar. Þá fluttu Danir 70 manns frá Ammassalik þangað norður til að réttlæta yfirráð þeirra. Það fólk sigldi fyrst til Ísafjarðar þar sem prestsefnið þeirra fékk vígslu, svo hélt það norður í Scoresbysund og setti þar niður byggð. Þeir sem búa þar núna eru afkomendur þeirra. Þarna er víða að finna merkar mannvistarleifar sem sýna hvernig fólk lifði af á heimskautasvæðunum fyrir 200 árum.“

Fargjaldið er 620 þúsund krónur fyrir manninn að sögn Emils en þeir sem bóka fyrir 1. apríl fá ferðina á 558 þúsund. Innifalið er fullt fæði og allar skoðunarferðir. Benda má á upplýsingar á nýrri heimasíðu Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, www.ferdir.is.

gun@frettabladid.is



Stór veitingasalur er um borð.



Skipið er hannað fyrir heimskautasiglingar og er í norðurhöfum á sumrin en heldur svo suður á bóginn.



Dýralífið verður skoðað af gaumgæfni í ferðinni.



Strönd fyrir stafni. Víða verður siglt í land á gúmmíbátum en ávallt gist í skipinu.

MYNDIR/WWW.FERDIR.IS



Þeir sem njóta vetrar og þeirra fjölmörgu leikja og íþrótta sem honum fylgir munu njóta lífsins á Éljagangi.

Éljagangur í febrúar

Nú er tímabært að fara að hlakka til og undirbúa vetrarferð á Akureyri því vetrar- og útivistarhátíðin Éljagangur verður haldin nyrðra 10. til 13. febrúar.

Vetrarríkið norðan heiða líkist heillandi ævintýralandi þegar snjór skreytir landið og af þeirri ástæðu bjóða Akureyringar til heillandi vetrarhátíðar af mikilli gestrisni í sínum fagra heimabæ.

INGIMUNDUR INGIMUNDARSON gat ekki spilað með íslenska landsliðinu í gær en hann meiddist á hné í leik Íslands og Spánar á mánudaginn. Akureyringurinn Oddur Gretarsson var kallaður í hópinn í hans stað og var því á skýrslu í sínum fyrsta landsleik á stórmóti í gær. Ingimundur skoraði sjö mörk fyrir Ísland á HM og var fastamaður í vörn liðsins.



SKORAÐI Robin van Persie í baráttunni í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsenal vann Ipswich:

Arsenal í úrslit

FÓTBOLTI Arsenal tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik ensku deildabikarkeppninnar eftir 3-0 sigur á Ipswich og 3-1 samanlagt. Liðið mætir annaðhvort West Ham eða Birmingham í úrslitum en þessi lið mætast í kvöld.

„Þetta verður erfiður úrslitaleikur en við munum gera okkar besta. Stuðningsmenn okkar eiga skilið að fá bikar," sagði Cesc Fabregas sem skoraði eitt marka Arsenal í leiknum en tæp sex ár eru liðin síðan Arsenal vann síðast titil. **- esá**

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Blackpool - Manchester United 2-3
1-0 Craig Cathcart (15.), 2-0 DJ Campbell (43.), 2-1 Dimitar Berbatov (72.), 2-2 Javier Hernandez (74.), 2-3 Berbatov (88.).

Wigan - Aston Villa 1-2
0-1 Gabrial Agbonlahor (50.), 0-2 Ashley Young, víti (61.), 1-2 James McCarthy (80.).

STAÐA EFSTU LIÐA

Man. United	**23**	**14**	**9**	**0**	**51-21**	**51**
Arsenal	23	14	4	5	48-22	46
Man. City	**24**	**13**	**6**	**5**	**37-20**	**45**
Chelsea	23	12	5	6	42-19	41
Tottenham	**23**	**10**	**8**	**5**	**32-26**	**38**
Sunderland	24	9	10	5	28-24	37
Blackburn	**24**	**9**	**4**	**11**	**31-37**	**31**

Enski deildabikarinn

Arsenal - Ipswich 3-0
1-0 Nicklas Bendtner (61.), 2-0 Laurent Koscielny (64.), 3-0 Cesc Fabregas (77.).

Enska B-deildin

Porstmouth - Burnley 1-2
Hermann Hreiðarsson kom inn á sem varamaður hjá Portsmouth á 89. mínútu.

Enska C-deildin

Brighton - Colchester 2-0
Matthías Vilhjálmsson kom inn á sem varamaður í liði Colchester á 83. mínútu.

Asíukeppnin

UNDANÚRSLIT

Japan - Suður-Kórea 2-2 (3-0 í vsp.)
Úsbekistan - Ástralía 0-6
Úrslitaleikurinn fer fram á laugardaginn.



EITTHVAÐ SVO BROSLEGT Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari gat ekki annað en brosað eftir skrítinn dóm hjá makedónsku dómurunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HUNDLEIÐUR Á ÞVÍ AÐ TAPA FYRIR FRÖKKUM

Guðmundur Guðmundsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru svekktir með árangurinn í milliriðlinum en minna á að það sé góður árangur að spila um fimmta sætið á heimsmeistaramóti. Ísland tapaði fyrir Frakklandi í gær.

HM 2011 Þó svo að Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari væri afar ósáttur við að fá engin stig í milliriðlinum þá reyndi hann að taka það jákvæða úr leiknum gegn Frakklandi í gær.

„Ég er orðinn hundleiður á því að tapa fyrir Frökkum. Það sem mér fannst samt jákvætt við þennan leik er að sóknarleikurinn hjá okkur var frábær. Það var mikil hreyfing á liðinu og mörk komu í öllum regnbogans litum. Við vorum samt líka óheppnir með skot í fyrri hálfleik. Svo misnotuðum við mörg dauðafæri í seinni hálfleik og munurinn hefði getað verið minni," sagði Guðmundur.

„Eftir að við missum Sverre af velli með rautt spjald var svolítið á brattann að sækja. Sérstaklega þar sem við vorum líka án Didda. Ég var tiltölulega ánægður samt með vörnina hjá okkur."

Ísland mætir Króatíu á föstudag í leiknum um fimmta sætið á HM og er um leið búið að tryggja sér þátttökurétt í umspili um laust sæti á Ólympíuleikunum í London árið 2012.

„Ég er mjög svekktur að fá engin stig í þessum milliriðli. Það eru tveir leikir sem svíða. Ég er mjög svekktur með Þjóðverjaleikinn og svo segir það sig sjálft að ég er ekki ánægður með leikinn á móti Spáni. Við erum samt komnir í þá stöðu að spila um fimmta sætið á HM og getum með sigri gegn Króötum jafnað besta árangur Íslands á HM frá upphafi," sagði Guðmundur en hann vill enda mótið á jákvæðan hátt.

„Við stefnum að því að loka þessu móti með sigri. Við munum gefa allt í það. Stóru tíðindin er að komast í umspil um ólympíusæti. Við erum ánægðir að ná því og auðvitað viljum við enda svona mót með sigri."

Guðjón Valur Sigurðsson bar sig ágætlega eftir tapið í gær en var engu að síður svekktur með milliriðilinn.

„Það er klárt mál að milliriðillinn er gríðarleg vonbrigði enda töpum við öllum leikjunum þar. Þjóðverjaleikurinn fór með þetta. Við náðum okkur ekki eftir það tap. Er maður hugsar til baka er það gríðarlega sárt að hafa tapað þeim leik," sagði Guðjón.

„Við erum samt að spila um fimmta sætið eins ótrúlegt og það hljómar. Það er ekki beint lélegur árangur. Auðvitað ætluðum við okkur stóra hluti. Það þarf ekki að spyrja að því hversu stóra. Menn hljóta að geta áttað sig á því. Við viljum skilja við mótið með stæl. Við gáfum allt í Frakkaleikinn en við erum orðnir svolítið fámennir."

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason


fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is



VIGNIR SVAVARSSON Skorar hér eitt af þremur mörkum sínum á móti Frökkum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vignir Svavarsson:

Karabatic var fyndinn

HM 2011 Vignir Svavarsson stóð í ströngu í leiknum í gær og var í stanslausum slag við Nikola Karabatic allan leikinn þar sem skeytasendingar gengu þeirra á milli.

„Þetta var bara handbolti. Það var ekkert sérstakt í gangi," sagði Vignir yfirvegaður en hann bauð Karabatic eitt sinn höndina í leiknum en Frakkinn hafði ekki áhuga á því að heilsa Vigni. „Það var eitthvað gott grín hjá honum. Mér fannst það mjög fyndið." **- hbg**



BETRAND GILLE Frakkar leyfðu öllum að spila í gær. MYND/AFP

Frakkinn Bertrand Gille:

Þetta var mjög sterkur riðill

HANDBOLTI „Þetta var ekki auðveldur leikur. Við vildum ná sigri án þess að leikmenn myndu meiðast og til að ná efsta sætinu í riðlinum. Við gerðum það og erum ánægðir," sagði Gille í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Íslendingar töpuðu öllum þremur leikjunum í milliriðlinum, eftir að hafa komið þangað með fullt hús stiga. Gille sagði að Íslendingar hefðu vel getað gert betri hluti í mótinu. „Þetta var mjög sterkur riðill. Á þessu stigi eru öll lið nokkuð jöfn og það eru smáatriðin sem skipta máli," sagði Gille. **- sjj**

World Class ICELAND
Opið allan sólarhringinn í World Class Kringlunni
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Topplið ensku úrvalsdeildarinnar lenti 2-0 undir en vann 3-2 sigur á Blackpool:

Mögnuð endurkoma United

FÓTBOLTI Manchester United er enn ósigrað í ensku úrvalsdeildinni og með fimm stiga forskot á toppnum þrátt fyrir að hafa komist í hann krappan á Bloomfield Road í gærkvöldi. Manchester United lenti 2-0 undir en skoraði þrjú mörk á fimmtán mínútna kafla undir lok leiksins og tryggði sér 3-2 sigur á Blackpool.

Dimitar Berbatov skoraði tvö mörk og ofurvaramaðurinn Javier Hernandez það þriðja en öll mörkin komu eftir að Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, setti Hernandez inn á fyrir Wayne Rooney á 66. mínútu.

Charlie Adam sýndi af hverju Liverpool hefur svona mikinn áhuga á honum því hann átti frábæran leik á miðju Blackpool og bæði mörk liðsins voru skallamörk (Craig Cathcart á 15. mínútu og DJ Campbell á 43. mínútu) eftir frábærar hornspyrnur frá honum. Blackpool átti fyllilega skilið að vera 2-0 yfir í hálfleik en það má aldrei afskrifa Manchester United eins og sást í síðari hálfleiknum.

Það tók Manchester United 72 mínútur að opna markareikninginn sinn þegar Dimitar Berbatov skoraði eftir fyrirgjöf Darrens Fletcher. Hernández jafnaði leikinn á 74. mínútu eftir stungusendingu frá



DIMITAR BERBATOV Búlgarinn hefur skorað fimm mörk á fjórum dögum og er kominn með 20 mörk á tímabilinu. MYND/AFP

Ryan Giggs og Berbatov skoraði síðan sigurmarkið á 87. mínútu eftir sendingu frá Paul Scholes. Þetta var tuttugasta markið hans á tímabilinu. **- óój**

Við erum ekki tapsár!

Nú tökum við 5. sætið og stefnum á Ólympíugullið 2012

-10 kr.
Í FYRSTA SKIPTI MEÐ ÓB-LYKLINUM

-2 kr.

MEÐ ÓB-LYKLINUM Í DAG
EINS OG VENJULEGA



NOKIA
N8

100.000
Vildarpunktar Icelandair

Vildarklúbbur

ÓB-lykilhafar fá fjölmörg tilboð á ári. Fáðu þér lykil á ob.is, það borgar sig.

Ef þú kaupir eldsneyti með ÓB-lyklinum eða ÓB-frelsi dagana 26.–27. janúar gætir þú unnið Nokia N8 síma eða 100 þúsund Vildarpunkta Icelandair! Fylltu á tankinn og freistaðu gæfunnar um leið. Einn vinningshafi á dag.



Giskaðu á úrslitin á Facebook-síðu ÓB og þú getur unnið inneign á eldsneyti.

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 100574

ÚRSLIT - HM 2011

MILLIRIÐILL 1

Þýskaland - Noregur	25-35
Spánn - Ungverjaland	30-24
Frakkland - Ísland	34-28

LOKASTAÐAN

Frakkland	**5**	**4**	**1**	**0**	**160-129**	**9**
Spánn	5	4	1	0	147-127	9
Ísland	**5**	**2**	**0**	**3**	**137-141**	**4**
Ungverjaland	5	2	0	3	127-147	4
Noregur	**5**	**1**	**0**	**4**	**133-142**	**2**
Þýskaland	5	1	0	4	124-142	2

MILLIRIÐILL 2

Króatía - Pólland	28-24
Serbía - Argentína	26-25
Danmörk - Svíþjóð	27-24

LOKASTAÐAN

Danmörk	**5**	**5**	**0**	**0**	**155-131**	**10**
Svíþjóð	5	3	0	2	127-124	6
Króatía	**5**	**2**	**1**	**2**	**142-129**	**5**
Pólland	5	2	0	3	123-129	4
Serbía	**5**	**1**	**1**	**3**	**127-139**	**3**
Argentína	5	1	0	4	117-139	2

NÆSTU LEIKIR

10./11. sæti: Þýskal. - Argent.	**fim. kl. 17.00**
9./10. sæti: Noregur - Serbía	fim. kl. 19.30
7./8. sæti: Ungverjal. - Pólland	**fös. 17.00**
5./6. sæti: Ísland - Króatía	fös. kl. 19.30
Undanúrslit: Svíþjóð - Frakkland	**föstudag**
Undanúrslit: Danmörk - Spánn	föstudag

SCHMIDT
saltdreifarar

- sala
- varahlutir
- þjónusta
Nida
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Milliriðlamartröðin hélt áfram

Strákarnir okkar töpuðu öllum sínum leikjum í milliriðli HM. Úrslitin voru þó okkur hagstæð í gær og Ísland spilar um fimmta sætið og er þar af leiðandi öruggt með sæti í umspili Ólympíuleikanna.

HM 2010 Heims, Evrópu- og ólympíumeistarar Frakka unnu næsta þægilegan sigur, 34-28, á Íslandi í gær. Þetta var lokaleikur milliriðilsins og strákarnir eiga því aðeins eftir að spila einn leik á HM í Svíþjóð.

Leikurinn skipti í raun engu máli fyrir Ísland því fyrir leik varð ljóst að Ísland myndi hafna í þriðja sæti riðilsins og spila við Króatíu um fimmta sætið á mótinu. Engu að síður höfðu leikmenn íslenska liðsins eflaust sitt hvað að sanna fyrir sjálfum sér gegn liðinu sem hefur staðið í vegi fyrir því að þeir ynnu gull á stórmóti.

Íslenska liðið var án Ingimundar Ingimundarsonar og Ólafs Stefánssonar sem eru báðir meiddir á hné. Ólafur var þó til taks á bekknum en kom ekki við sögu. Strákarnir byrjuðu leikinn ágætlega. Virtust vera með ágætar lausnir við agressívum varnarleik franska liðsins og leiddu framan af.

Frakkarnir voru þó fljótir að hressast. Þeir tóku í kjölfarið öll völd á vellinum og virtust ætla að keyra yfir Íslendinga. Staðan 3-7 eftir tíu mínútur og Guðmundur tók leikhlé. Það skilaði sínu því strákarnir stigu aftur á bensínið og unnu sig hægt og rólega inn í leikinn á ný.

Munurinn var aðeins þrjú mörk í leikhléi, 13-16, og íslenska liðið átti alla möguleika til þess að gera eitthvað í síðari hálfleik.



VIGNIR ÖFLUGUR Vignir Svavarsson stóð vaktina í fjarveru Ingimundar Ingimundarssonar sem var frá vegna meiðsla. Hann skilaði einnig sínu í sókninni og skoraði þrjú mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frakkarnir byrjuðu síðari hálfleikinn betur og náðu fljótt sex marka forskoti. Sem fyrr neituðu strákarnir okkar að gefast upp og gerðu allt hvað þeir gátu til þess að komast aftur inn í leikinn. Frakkarnir voru aftur á móti of sterkir. Þeir héldu strákunum alltaf í hæfilegri fjarlægð og unnu öruggan sigur.

Þó svo það sé vissulega frábært að leika um fimmta sætið á stórmóti þá er árangurinn í milliriðlinum gríðarleg vonbrigði. Allir þrír leikirnir töpuðust og það á sannfærandi hátt. Strákarnir komu í góðri stöðu inn í riðilinn en tapið gegn Þjóðverjum virtist rota liðið. Menn voru ekki tilbúnir í þann leik og ekki heldur í leikinn gegn Spánverjum. Frakkarnir voru svo of sterkir. Þeir virtust ekki þurfa að hafa mikið fyrir því að vinna okkar menn sannfærandi.

Það er vonandi að strákarnir sýni þann anda og neista sem fylgdi liðinu í riðlakeppninni er það tekur á móti Króötum. Það væri gott að enda þetta mót á góðum nótum eftir þennan skelfilega milliriðil.

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason

fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

Ísland-Frakkland 28-34 (13-16)

Mörk Íslands (Skot): Alexander Petersson 6 (13), Róbert Gunnarsson 5 (7), Vignir Svavarsson 3 (4), Aron Pálmarsson 3 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (5), Þórir Ólafsson 3/1 (6/1), Snorri Steinn Guðjónsson 2/1 (3/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (1), Arnór Atlason 1 (3), Sigurbergur Sveinsson 1 (1), Oddur Gretarsson 0 (2)
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 13 (41/2, 32%), Hreiðar Levy Guðmundsson 1 (7, 14%).
Hraðaupphlaupsmörk: 7 (Þórir 2, Vignir 2, Ásgeir Örn, Guðjón Valur, Alexander)
Fiskuð víti: 3 (Vignir, Alexander, Róbert). **Brottvísanir:** 10 mínútur (Sverre rautt)
Mörk Frakkland (Skot): Nikola Karabatic 7 (10), Xavier Barachet 6 (7), William Accambray 4 (5), Jérôme Fernandez 4 (6), Luc Abalo 3(4), Bertrand Gille 3 (5), Michaël Guigou 3/2 (5/2), Samuel Honrubia 2 (3), Cédric Sorhaindo 2 (4).
Varin skot: Daouda Karaboué 14/1 (29/3, 48%), Thierry Omeyer 7 (13, 54%).
Hraðaupphlaupsmörk: 5 (Fernandez, Gille, Honrubia, Abalo, Guigou)
Fiskuð víti: 2 (Guillaume Joli, Sorhaindo). **Brottvísanir:** 6 mínútur.



Draumaúrslit fyrir íslenska landsliðið í gær tryggðu leik um fimmta sætið:

Takk fyrir, Noregur og Spánn

HANDBOLTI Íslenska handboltalandsliðið getur þakkað Norðmönnum og Spánverjum fyrir að liðið spilar um fimmta sætið á HM í Svíþjóð. Norðmenn unnu tíu marka sigur á Þjóðverjum, 35-25, og Spánverjar voru ekki í miklum vandræðum með Ungverja í hinum leikjunum í okkar milliriðli í gær.

Þetta voru sannkölluð draumaúrslit fyrir Ísland og þýddu að íslenska liðið þurfti ekki að berjast fyrir lífi sínu á móti Frökkum seinna um kvöldið. Hefðu Norðmenn og Spánverjar tapað sínum leikjum þá hefðu íslensku strákarnir spilað um níunda sætið á mótinu þar sem liðið tapaði öllum þremur leikjum sínum í milliriðlinum.

Dagurinn byrjaði á tíu marka stórsigri Norðmanna á Þjóðverjum, 35-25, sem þýddi að þýska liðið spilar aðeins um ellefta sætið á mótinu. Norðmenn fóru á kostum í leiknum og fóru afar illa með þýska liðið einkum í síðari hálfleiknum þegar það var algjör uppgjöf í þýska liðinu. Steinar Ege átti frábæran leik í norska markinu og flestir leikmenn liðsins voru í miklum ham ekki síst Christoffer Rambo sem skoraði sjö glæsileg mörk í leiknum.

Norðmenn voru með frumkvæðið strax frá byrjun leiksins og náðu síðan fjögurra marka forskoti fyrir hálfleik, 17-13, með góðum lokakafla í hálfleiknum. Þjóðverjar náðu að minnka muninn í þrjú mörk í upphafi seinni hálfleiks en þeir komust ekki nær. Norðmenn stungu síðan af og léku sér að þeim þýsku á lokakafla leiksins. Håvard Tvedten skoraði 8 mörk fyrir Norðmenn og þeir Bjarte Myrhol og Christoffer Rambo voru báðir með 7 mörk. Steinar Ege var þó maður leiksins því hann varði 21 skot þar af 14 þeirra í fyrri hálfleiknum.

Ísland var því öruggt með að spila um sjöunda sætið eftir fyrsta leik dagsins en Spánverjar brugðust ekki vonum Íslendinga og unnu nokkuð sannfærandi sex marka sigur á Ungverjum, 30-24. Það varð því ljóst að íslenska liðið myndi spila um fimmta sætið við Króata. Spánverjar sýndu styrk sinn á móti Ungverjum og voru með gott forskot nánast allan leikinn þrátt fyrir að skipta leiktímanum bróðurlega á milli sinna leikmanna.



SPÁNVERJAR UNNU UNGVERJA Gabor Császár var næstmarkahæsti leikmaður Ungverja en náði ekki að koma í veg fyrir spænskan sigur í gær. MYND/VALLI

Króatar tryggðu sér leik á móti Íslandi um fimmta sætið með fjögurra marka sigri á Pólverjum og Danir tryggðu sér síðan sigur í hinum milliriðlinum með þriggja marka sigri á Svíum, 27-24. Sigur Dana var sannfærandi og í raun aldrei í hættu.Danir mæta því Spánverjum í undanúrslitunum en Svíar spila við Frakka.

- óój

VERÐDÆMI
M2R JAG HJÁLMUR
NÚ 24.132,-
ÁÐUR 40.220,-



20-40% AFSLÁTTUR AF HJÁLMUM

ÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LEÐURGÖLLUM

VERÐDÆMI
RST TÚPUGALLI
NÚ 103.992,-
ÁÐUR 129.990,-



30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ELDRI MOTORCROSS-GÖLLUM

VERÐDÆMI
SPECTRUM BUXUR
NÚ 8.538,-
ÁÐUR 12.197,-



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ONE INDUSTRIES FATNAÐI

VERÐDÆMI
ONE HETTUPEYSA
NÚ 6.320,-
ÁÐUR 7.900,-



30% AFSLÁTTUR AF WRP FATBAR STÝRUM MEÐ KLEMMU

VERÐDÆMI
WRP FATBAR STÝRI
NÚ 20.960,-
ÁÐUR 29.900,-



25% AFSLÁTTUR AF ONE INDUSTRIES LÍMMIÐASETTUM

VERÐDÆMI
Á AFTURBRETTI
NÚ 2.454,-
ÁÐUR 3.273,-



25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU ACERBIS PLASTI

VERÐDÆMI
ACERBIS BRETTI
NÚ 4.425,-
ÁÐUR 5.900,-



1.990 kr. ALLIR DVD DISKAR



30% AFSLÁTTUR AF SLEDNECK VÉLSLEÐAGÖLLUM

VERÐDÆMI
SLEDNECK JAKKI
NÚ 15.876,-
ÁÐUR 22.681,-



20% AFSLÁTTUR AF CKX VÉLSLEÐAGÖLLUM

VERÐDÆMI
CKX BUXUR
NÚ 23.192,-
ÁÐUR 28.990,-





LUKKULEIKUR

Viðskiptavinir sem **versla fyrir 5.000 krónur** eða meira gefst kostur á að taka þátt í lukkuleik í Nitró um land allt, þar sem **Znen Vespa að verðmæti 195.000 kr. er í vinning**. Dregið verður úr leiknum 12. maí.

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM Í VERSLUNINNI LÍKA HJÓLUM!

N1 VERSLUN
Bíldshöfða 9 Reykjavík. Sími 440 1220
Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-14.

N1 VERSLANIR: Akranes, Akureyri, Egilsstöðum, Grindavík, Hafnarfirði, Höfn, Ísafirði, Ólafsvík, Reyðarfirði, Reykjanesbær, Selfossi og Vestmannaeyjum.

NITRO
www.nitro.is

> David Schwimmer

„Ég var með yfirskegg þegar ég var þrettán ára.“

David Schwimmer leikur vansælan kennara sem orðinn er hundleiður á eilífu peningaleysi og gengur því í lið með alræmdum svikahrappi til að reyna að bæta stöðuna, en allt fer á annan veg í kvikmyndinni The Big Nothing sem er á Stöð 2 Bíói í kvöld kl. 20.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR SKILUR EKKI SUMAR FRÉTTIR

Fréttir og ekkifréttir

Furðulegt fyrirbæri þrífst í sjónvarpi, kallast íþróttafréttir og samanstendur af upptalningu á úrslitum dagsins í ýmsum leikjum í ýmsum íþróttagreinum. Formið er frekar sterílt og óspennandi og ég, verandi ekki sérleg áhugamanneskja um keppnisíþróttir, leita mér nær undantekningarlaust að öðru efni til að horfa á þegar kemur að þessum fréttum. Ég velti því fyrir mér hvort þessar „fréttir“ séu ekki gamalla tíma tákn, arfleifð frá þeim tíma þegar úrslit úr einstökum leikjum lágu ekki fyrir á netinu um leið. Er ekki eðlilegra að taka íþróttir til umfjöllunar í sérstökum þáttum helguðum þeim í stað þess að þylja upp misáhugaverð úrslit á degi hverjum.

Að sjálfsögðu mætti segja fréttir úr heimi íþrótta í fréttatímum, svo framarlega sem eitthvað fréttnæmt væri að gerast.



Sama má segja um menningarfréttir að mínu mati. Það er í góðu lagi að segja fréttir úr heimi menningar og lista í fréttatímum, ef það er eitthvað fréttnæmt að gerast á þeim vettvangi. Það er ekki áhugavert að hlusta á þulu um að þessi eða hinn sé að halda tónleika hér eða þar í hverjum fréttatíma, eins og manni virðist sumir vera að óska eftir. Menningarumfjöllun mætti hins vegar sinna betur í sjónvarpi og á ég þá einkum við ríkissjónvarpið sem hefur lögbundnum skyldum að gegna á þessum vettvangi. Nú um stundir er bara Kiljan á boðstólum og stöku þáttur á sunnudagskvöldum. Enginn kvikmyndaþáttur og tónlist, leikhús, myndlist og hönnun sömuleiðis fjarri góðu gamni. Ef metnaður yrði lagður í menningarþátt eða -þætti yrði til hið fínasta sjónvarpsefni, það er pottþétt.

SJÓNVARPIÐ

16.25 Töfrar Tælands - Rósir norðursins (2:3) (e)
16.50 Návígi (e)
17.20 Einu sinni var...lífið (18:26)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Finnbogi og Felix
18.24 Sígildar teiknimyndir (18:42)
18.30 Gló magnaða (17:19)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Lögin í söngvakeppninni Kynnt verða lögin sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardagskvöld.
20.20 Læknamiðstöðin (39:53) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
21.05 Kiljan Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Arkitektar breytinga – Nýbreytni er eftirlíking (1:2) Bresk heimildamynd úr flokki sem heitir Arkitektar breytinga. Hér er fjallað um sjálfbæra þróun byggða á því að líkja eftir náttúrunni og sagt frá þremur frumkvöðlum á því sviði.
23.10 Landinn (e)
23.40 Kastljós
00.10 Fréttir
00.20 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Tenacious D: The Pick of Destiny
10.00 Breakfast on Pluto
12.05 Kirikou and the Wild Beasts
14.00 Tenacious D: The Pick of Destiny
16.00 Breakfast on Pluto
18.05 Kirikou and the Wild Beasts
20.00 The Big Nothing
22.00 Volver
00.00 Definitely, Maybe
02.00 Man About Town
04.00 Volver
06.00 Eagle Eye

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lois and Clark (1:22)
11.00 Cold Case (2:23)
11.45 Grey's Anatomy (13:24)
12.35 Nágrannar
13.00 Pretty Little Liars (9:22)
13.50 Gossip Girl (22:22)
14.40 E.R. (13:22)
15.30 iCarly (22:25)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (16:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (9:24)
19.45 The Big Bang Theory (6:23)
20.10 Pretty Little Liars (11:22) Spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard. Þættirnir fjalla um vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
20.55 Grey's Anatomy (10:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
21.40 Medium (18:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
22.25 Nip/Tuck (16:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
23.10 Sex and the City (16:18)
23.40 NCIS: Los Angeles (22:24)
00.25 Human Target (12:12)
01.10 Life on Mars (8:17)
01.55 Chok-Dee
03.40 The Tiger and the Snow
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Samantekt
08.00 Samantekt
09.00 Samantekt
10.55 Enski deildabikarinn: Arsenal - Ipswich
12.40 Þýskaland - Noregur
14.05 Króatía - Pólland Útsending frá leik Króata og Pólverja í milliriðli 2 á HM.
15.30 Frakkland - Ísland Útsending frá leik Íslendinga og Frakka í milliriðli 1 á HM.
16.55 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
17.55 Enski deildabikarinn: Arsenal - Ipswich
19.40 Enski deildabikarinn: Birmingham - West Ham Bein útsending frá leik Birmingham City og West Ham í undanúrslitum enska deildarbikarsins (League Cup). Þetta er seinni leikur liðanna.
21.50 Samantekt
22.50 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.40 Enski deildabikarinn: Birmingham - West Ham

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Blackpool - Man. Utd.
16.20 Wigan - Aston Villa
18.05 Everton - West Ham
19.50 Liverpool - Fulham Bein útsending frá leik Liverpool og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Premier League Review 2010/11
22.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
23.25 Eusebio Magnaðir þættir þar sem fjallað er um marga af bestu knattspyrnumönnum heims frá upphafi. Að þessu sinni verður fjallað um Eusebio sem gerði garðinn frægan með Benfica.
23.55 Sunnudagsmessan
00.55 Liverpool - Fulham Endursýning á leik Liverpool og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (99:175)
08.40 Rachael Ray (175:175)
09.25 Pepsi MAX tónlist
17.25 Dr. Phil (100:175)
18.10 How To Look Good Naked (10:12)
19.00 Judging Amy (5:22) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
19.45 Will & Grace (10:22) Endursýningar á gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhúsarkitekt.
20.10 Married Single Other (4:6) Vandaðir breskir þættir í sex hlutum úr smiðju ITV sem fjalla um þrjú pör, þau Eddie og Lillie, Babs og Dicke og Clint og Abbey sem eiga í erfiðleikum með að skilgreina samband sitt.
21.00 Single Father (4:4) Þessir þættir úr smiðju BBC fjalla um einstæða föðurinn Dave sem reynir að ala upp börnin sín fjögur eftir fráfall eiginkonu sinnar. Þættirnir hafa hlotið mikið lof fyrir hve raunsannri mynd er brugðið upp af manni í þessum sporum.
22.00 The L Word (6:8)
22.50 Jay Leno (186:260)
23.35 CSI: Miami (16:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
00.25 Flashpoint (18:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
01.10 Worlds Most Amazing Videos (11:13)
01.55 Will & Grace (10:22)

SKJÁRGOLF

11.40 Golfing World (5:240)
13.20 Golfing World (7:240)
14.10 Bob Hope Classic (3:5)
17.10 Golfing World (7:240)
18.00 Golfing World (8:240)
18.50 LPGA Highlights (8:10) Vikulegur þáttur með öllu því besta í kvennagolfinu. Sýnt frá mótum og birt viðtöl við þær bestu.
20.10 PGA Tour Yearbooks (7:10)
20.55 Champions Tour - Highlights (1:25)
21.50 Inside the PGA Tour (4:42)
22.15 Golfing World (8:240)
23.05 PGA Tour - Highlights (3:45)
00.00 Golfing World (8:240)

EXTRA

19.25 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
20.10 Falcon Crest (11:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum.
21.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag
21.50 Modern Family (9:24) Þættir um líf tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem ættleiddu dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp.
22.15 Chuck (11:19) Hörkuskemmtilegir og hraðir spennuþættir. Chuck var venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
23.00 Burn Notice (6:16) Hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnarinn Michael Westen var settur á listann yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki verndar yfirvalda.
23.45 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
00.15 Falcon Crest (11:28)
01.45 Fréttir Stöðvar 2

N4

19.00 Fróðleiksmolinn
Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.

ÍNN

20.00 Björn Bjarnason
20.30 Alkemistinn Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
21.00 Harpix í hárið Öðruvísi þáttur um handbolta í miðju HM-æðinuþ Birkir Ívar sér um markmannsstöðuna.
21.30 Bubbi og Lobbi Sigurður G. Tómasson og Guðmundur Ólafsson með sinn einstaka stíl um allt milli himins og jarðar.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun



Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga



Allt sem þú þarft...

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.55

Grey's Anatomy

Læknarnir á Seattle Grace eru mættir aftur. Tekinn verður upp þráðurinn þar sem frá var horfið þar sem Cristina á í sálarkreppu. Derek ákveður að bjóða henni með sér í veiðiferð þrátt fyrir að Meredith sé ekki sátt við það.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Víttog breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Ástir gömlu meistaranna: Ludwig van Beethoven **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Hnignun **21.10** Út um græna grundu **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

13.10 Deal or No Deal **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Whose Line Is It Anyway? **14.35** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.25** New Tricks **17.15** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Little Britain **20.30** Life on Mars **21.20** Last of the Summer Wine **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** New Tricks **23.35** EastEnders **00.05** The Catherine Tate Show **00.30** Little Britain

DR 1

12.00 By på Skrump **12.30** Den lille forskel **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Byggemand Bob **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Polis, polis **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** DR1 Dokumentaren. 100 dage uden stoffer **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt med VM Håndbold **21.10** Jack Driscoll **22.45** Onsdags Lotto **22.50** OBS **22.55** Lykke

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Perspektiv. Og nå. Reklame! **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Snøballkrigen **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** På tro og are **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Jordmødrene **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Snøballkrigen **23.25** The Pacific

SVT 1

10.15 Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Kören **12.15** Louise **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. EM **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Bibliotekstjuven **21.00** The Pacific **21.50** Simma lugnt, Larry! **22.20** Skavlan **23.20** Minuten **00.20** Hallå Mumbai **00.45** Dox **02.15** Piren **02.50** Sverker rakt på **03.50** Sverige idag **04.15** Go'kväll **05.00** Rapport


Séreignarsparnaður

Auður gerir betur

Auður er óháð fjármálafyrirtæki sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

Ekki láta eina mikilvægustu ákvörðunina varðandi þinn framtíðarfjárhag bíða og komdu í séreignarsparnað hjá Auði.

Nafnávöxtun FramtíðarAuðar árið 2010



Ávöxtun i fortíð gefur hvorki tryggingu fyrir né vísbendingu um ávöxtun í framtíð.



Auður - ábyrg arðsemi

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is


SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 52102 09/10

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér oftast sojajógúrt með múslíi en stundum fæ ég mér ristað brauð.“

Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður.

Sex vinir Sjonna syngja Eurovision-lagið

„Þessi nöfn eru staðfest og munu syngja lagið hans Sjonna,“ segir Jóhanna Jóhannsdóttir, dagskrárstjóri RÚV. Sex vinir Sjonna Brink munu flytja lagið hans Aftur heim sem lagasmiðurinn og söngvarinn samdi fyrir Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár. Þetta eru þeir Hreimur Örn Heimisson, Gunnar Ólason, Benedikt Brynleifsson, Vignir Snær, Matthías Matthíasson og Pálmi Sigurhjartarson.

Lagið verður flutt síðast á laugardaginn. Fjórir af þessum tónlistarmönnum sungu lagið Waterslide með Sigurjóni í síðustu söngvakeppni; þeir Vignir Snær, Hreimur Örn, Gunnar og Benedikt. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum varð Sigurjón Brink bráðkvaddur á heimili sínu á mánudag í síðustu viku. Hann samdi lagið en eiginkona hans, Þórunn Erna Clausen, á heiðurinn af textanum.

Fjögur lög eru þegar komin áfram í söngvakeppni Sjónvarpsins en á laugardaginn voru það Eldfjall og Nótt sem komust áfram. Áður höfðu Ástin mín eina og Ef ég hefði vængi þegar tryggt sér sæti í úrslitum keppninnar um hvaða lag verður framlag Íslands til Eurovision. Meðal annarra flytjenda á laugardaginn má nefna Jógvan Hansen og Magni Ásgeirsson en hann syngur lag Hallgríms Óskarssonar, Ég trúi á betra líf.

- fgg



KOMA SAMAN AFTUR Fjórir úr Waterslide-hópnum snúa aftur í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn þegar þeir flytja lag Sigurjóns Brink, Aftur heim. Meðal þeirra eru Hreimur Örn Heimisson og Gunnar Ólason.



ÓLÖF ARNALDS Tónlistarkonan fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína á Sydney Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Himnesk frammistaða

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds hefur fengið mjög góða dóma fyrir tónleika sína á menningarhátíðinni Sydney Festival sem haldin er í Ástralíu um þessar mundir.

Ólöf steig á svið á tónleikastaðnum The Famous Spiegeltent í garðinum Hyde Park og þótti standa sig einkar vel að mati blaðamanna The Sydney Morning Herald og The Daily Telegraph. „Með englarödd sinni og einföldum hljóðfæraleik virtist hún koma úr öðrum heimi. Þegar ég reyndi að smella mynd af henni uppi á sviði urðu til myndir sem höfðu yfir sér himneskan blæ,“ sagði í umsögn síðarnefnda blaðsins.

Auk þess að syngja eigin lög, flest á íslensku, söng Ólöf nokkur þekkt lög eftir aðra sem hittu rækilega í mark. Þar má nefna I´m On Fire með Bruce Springsteen og Solitary Man með Neil Diamond. Blaðamaður The Sidney Morning Herald taldi flutning hennar á síðarnefnda laginu þann besta á tónleikunum. „Hún söng lagið eins og hún hefði nýlega uppgötvað það og gæti þar af leiðandi tengst því tilfinningalegum böndum.“

Stutt er síðan Ólöf hitaði upp fyrir hljómsveitina Grinderman á tónleikum í Tasmaníu. Þar þótti hún eiga erfitt með að ná til fjöldans, öfugt við tónleikana á Sydney Festival. Ólöf hitaði upp fyrir hljómsveitina CocoRosie á tónleikum í hinu fræga óperuhúsi í Sydney í gærkvöldi. Í kvöld heldur hún svo tónleika í borginni Melbourne, sem verða hennar síðustu á tónleikaferðalaginu um Ástralíu.

- fb



UNNSTEINN MANUEL STEFÁNSSON: FRÉTTATILKYNNING Á LEIÐINNI

Retro Stefson að semja við útgáfurisann Universal

Hljómsveitin Retro Stefson er í þann mund að skrifa undir samning við stórfyrirtækið Universal. Viðræður fóru af stað eftir að útsendari fyrirtækisins í Þýskalandi fór á tónleika með hljómsveitinni á Iceland Airwaves-hátíðinni síðasta haust og heillaðist upp úr skónum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eiga liðsmenn Retro Stefson enn eftir að undirrita samninginn en líklegt er að það gangi í gegn á næstu dögum. Hvorki Unnsteinn Manúel Stefánsson úr Retro Stefson né Grímur Atlason, umboðsmaður sveitarinnar og framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, vildu tjá sig um samninginn þegar Fréttablaðið hafði samband við þá. Unnsteinn staðfesti þó að von væri á fréttatilkynningu á næstu dögum.

Retro Stefson hefur lengi verið talin ein efnilegasta hljómsveit landsins. Hún hefur gefið út tvær plötur á ferli sínum, nú síðast Kimbabwe sem féll í mjög góðan jarðveg. Hún fékk fjórar stjörnur hér í Fréttablaðinu og lenti í þriðja sæti hjá sérfræðingum blaðsins yfir bestu plötur síðasta árs. Umræddur samningur snýst um útgáfu Kimbabwe á erlendri grundu.

Stutt er síðan Retro Stefson spilaði á bransahátíðinni Eurosonic í Hollandi. Í umfjöllun þýskrar heimasíðu tónlistartímaritsins Rolling Stone um hátíðina var minnst á hljómsveitina sem eina af þeim sem væru líklegar til að slá í gegn á næstunni.

freyr@frettabladid.is



RETRO STEFSON Hljómsveitin Retro Stefson á Airwaves-hátíðinni síðasta haust þar sem útsendari Universal var á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjórir Íslendingar í vinnu á tökustað Karlar sem hata konur

„Ég skrifaði undir trúnaðarsamkomulag um að gefa ekkert upp um efni myndarinnar en ég get alveg viðurkennt að ég hafi verið að vinna í henni,“ segir Finnur Þór Guðjónsson. Hann er einn af fjórum Íslendingum sem eru í tökuliði bandarísku stórmyndarinnar The Girl with the Dragon Tattoo eða Karlar sem hata konur en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Stiegs Larsson um Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist. Finnur Þór vildi lítið tjá sig um starf sitt, sagðist hafa verið ljósamaður og að hann hefði verið í tíu vikur úti í Svíþjóð. Annar Íslendingur var einnig við störf í ljósadeildinni en hann heitir Ævar Sigurðsson og þá ku stúlka hafa verið við störf í búningadeildinni. Fréttablaðið hefur ekki fengið nafn hennar staðfest.

Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá hefur ljósmyndarinn Baldur Bragason unnið við tökur á myndinni. Hún er ein stærsta kvikmyndaframleiðsla sem Svíar hafa lagt í. Leikstjóri myndarinnar, David Fincher, hefur nú þegar hrist upp í milljónum aðdáenda Stiegs Larsson með þeirri yfirlýsingu að endinum hafi verið breytt. Hann sé allt öðruvísi en endir bókarinnar. Hins vegar hefur ekki fengist staðfest hvort enskumælandi leikarar myndarinnar muni tala með sænskum hreim eins og einhverjar fréttir bentu til.

Með hlutverk tölvuhakkarans Salanders fer Rooney Mara og Daniel Craig leikur blaðamanninn Mikael Blomkvist. **- fgg**



Á TÖKUSTAÐ Baldur Bragason hefur tekið ljósmyndir á tökustað The Girl with the Dragon Tattoo. Þrír aðrir Íslendingar hafa verið við störf við gerð myndarinnar, meðal annars Finnur Þór Guðjónsson sem vann í gríðarlega stórri ljósadeild tökuliðsins. Rooney Mara leikur sjálfa Lisbeth Salander.

ENN KLIKKAÐRI VERÐ!

ENOK & EVA
Dúnvesti.
Verð áður:
~~12.900,-~~
Verð nú:
4.900,-



OFURÚTSALAN HELDUR ÁFRAM
Í OUTLET-VERSLUN ICEWEAR

Flíspeysur frá 1.500 kr.
Softshell jakkar frá 3.000 kr.
Dúnúlpur 9.900 kr.
20% afsláttur á barnavörum
Allar vörur undir 10.000 kr.

SK8SS4

Ofurútsalan stendur frá 6. jan - 31. jan að Suðurhrauni 12c, Garðabæ, sími 555-7409

OPIÐ: MÁN.-LAU. 11-18 SUN. 12-16

ICE WEAR
NORWEAR FOR ALL CONDITIONS

WWW.ICEWEAR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Slá í gegn…

Valgeir Magnússon, best þekktur sem Valli sport, hefur tekið að sér kynningarstörf fyrir væntanlega sýningu Nýdanskrar í Borgarleikhúsinu. Fyrir helgi gaukaði hann því að Fréttablaðinu að Daníel Ágúst hefði misst Stefán Hjörleifsson á æfingu með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði. Ekki náðist í Daníel þennan örlagaríka dag, en Valla var treyst og fréttin birt í þessum dálki. Menn seilast ansi langt inn á grá svæði til að koma sínu fólki á framfæri í blöðunum því nú hefur komið í ljós að Daníel Ágúst kom ekki nálægt því að slasa Stefán, sem brotnaði í skíðaferðalagi á dögunum…



Lobbi birtir Icesave-skjöl

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur lofar tíðindum í sjónvarpsþættinum Bubbi og Lobbi, sem hann stýrir ásamt Sigurði G. Tómassyni á sjónvarpsstöðinni ÍNN í kvöld. Þar ætlar Guðmundur, sem þekktur er sem Lobbi úr tvíeykinu, að draga fram í dagsljósið og sýna á skjánum merk skjöl úr Icesave-málinu sem hann telur næsta öruggt að almenningur hafi ekki fengið að sjá til þessa.


- afb, jab



Mest lesið VÍSIR.IS

1. Fundi fjárlaganefndar lokið - útprent lesið af símtali Davíðs
2. Hrina vændismála inn á borð lögreglu
3. Hekla fór að gjósa á Facebook
4. Bensínverð aldrei hærra í krónum talið
5. Kosning til stjórnlagaþings ógild

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

30% 70% AFSLÁTTUR

GRAND HAVEN
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 309.880 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 199.800 kr.

AC-PACIFIC
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 213.800 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 149.660 kr.

AMELIA
(Queen size 153x203 cm)
Fullt verð 149.700 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 97.305 kr.

GRAND HAVEN
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

AC-PACIFIC
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Einginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

AMELIA
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Apríl 240111

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM